



BA í lögfræði

Skattskylda áhrifavalda

Hvert er skattaumhverfi áhrifavalda?

Maí 2022

Nafn nemanda: Hrefna Lind Guðmundsdóttir

Kennitala: 270800-2110

Leiðbeinandi: Páll Jóhannesson

Útdráttur

Meginmarkmið þessarar ritgerðar er að skoða hvert skattaumhverfi áhrifavalda á Íslandi er. Áhrifavaldur er í flestum tilfellum með þó nokkuð fylgi á samfélagsmiðlum og birtir auglýsingar sínar á samfélagsmiðlum. Meginregla skattaréttarins er sú að allar tekjur skulu vera skattskyldar sama hvort þær séu í formi peningagreiðslna eða hlunninda. Gjafir og hlunnindi geta verið stór hluti tekna áhrifavalda og samkvæmt meginreglunni þarf að greiða skatt af þeim. Þá vaknar upp sú spurning hvernig skattlagningu er háttað og hverjar eru skattalegu skyldur áhrifavalda. Í fyrstu köflum ritgerðarinnar fjallar höfundur um einstaklinga í eigin rekstri. Til þess að einstaklingur geti talist vera í atvinnurekstri þarf að uppfylla skilyrði sem koma fram á heimasíðu skattsins, en þau eru að starfsemin þarf að vera í þó nokkru umfangi, ekki í skamman tíma og í hagnaðarskyni. Höfundur fjallar um hvað fylgir því að stunda sjálfstæða starfsemi. Höfundur fjallar um hvernig reglurnar eru á Norðurlöndunum og hvort það sé einhver munur á reglum þar og héraendis. Í lokaköflum ritgerðar fjallar höfundur um hverjar afleiðingar eru þegar áhrifavaldur telur ekki fram tekjur og hvort það séu einhver mörk skattaumhverfis miðað við hvers konar áhrifavald er um að ræða. Þegar um er að ræða áhrifavald geta þeir verið mismunandi og með mismikið fylgi og þar með eru tekjur áhrifavalda alls ekki eins í hverju tilviki fyrir sig.

Niðurstaða ritgerðar bendir til þess að atvinnugreinin áhrifavaldur er í mikilli uppbyggingu og eru þar af leiðandi reglur að vissu leyti enn þá í mótun, í tekjuskattslögum er að finna grundvallarreglur líkt og meginregluna um að allar tekjur séu skattskyldar en að vissu leyti getur verið erfitt að setja alla áhrifavalda undir sama hatt þar sem þeir geta verið mismunandi.

Abstract

The main aim of this dissertation is to examine the tax environment of influencers in Iceland. Influencers, in most cases have large number of followers on social media and post ads on its social media. The main principle of tax law is that all income must be taxable, regardless of whether it is in the form of cash payments or benefits. Gifts and benefits can be a large part of the income of influencers and according to the principle they must be taxed. However, the question arises as to how taxation is carried out and what the tax obligations are. In the first chapters of the dissertation, the author discusses individuals in their own business. In order for an individual to be considered self-employed, the conditions set out on the tax website must be met. The author discusses what it entails to engage in business. The author discusses how the rules are in the Nordic countries and whether there is any difference between the rules there and in Iceland. In the final chapters of the dissertation, the author discusses the consequences when an influencer does not include income and whether there are any limits to the tax environment in relation to the type of influencer in question. In the case of influencers, they can be different and thus the income of the influencers is not the same in each individual case.

The conclusion of the dissertation indicates that the industry to be influencer is in a great structure and as a result rules are to some extent still being developed, in the income tax law there are basic rules like the principle that all income is taxable but in some ways, it can be difficult to put all the factors under the same hat as they can be different.

Efnisyfirlit

Útdráttur	i
Abstract	ii
Lagaskrá	iv
Dómaskrá/úrskurðir yfirskattanefndar	iv
1. Inngangur	1
2. Tekjuskattur	2
2.1. Skattskyldir aðilar	2
2.2. Ótakmörkuð skattskylda	3
3. Einstaklingar í eigin rekstri	4
3.1. Hver er munurinn á launþega og verktaka?	5
3.2 Gerviverktaki	7
4. Tegundir tekna	8
4.1. A-tekjur	8
4.2. B-tekjur	9
4.3. C-tekjur	10
5. Gjafir og hlunnindi	10
6. Skattasniðganga	11
7. Hvenær er áhrifavaldur í atvinnustarfsemi?	12
7.1. Almenn um atvinnurekstur	13
7.2. Tómsundastarfsemi vs. atvinnurekstur	13
8. Fjölpætt starfsemi	16
9. Hvað getur verið frádráttarbært í atvinnurekstri?	18
10. Tækifærisgjafir	19
11. Virðisaukaskattskyld starfsemi	20
11.1. Almenn um virðisaukaskatt	20
11.2. Aðilar með lítinn rekstur	21
12. Skattlagning áhrifavalda á Norðurlöndunum	22
12.1. Danmörk	22
12.2. Svíþjóð	23
12.3. Noregur	25
13. Afleiðingar þess að telja ekki fram tekjur	26
14. Mismunandi „týpur“ af áhrifavöldum	27
15. Niðurstaða	28
Heimildaskrá	31

Lagaskrá

Lög um tekjuskatt nr. 90/2003

Lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988

Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987

Reglugerðir

Reglugerð nr. 245/1963

Reglugerð nr. 515/1996

Reglugerð nr. 1300/2021

Dönsk lög

Lovbekendtgørelse nr. 1284 af 14.2.2021 om indkomstskat for personer

Dómaskrá/úrskurðir yfirskattanefndar

Úrskurður yfirskattanefndar nr. 9/2001

Úrskurður yfirskattanefndar nr. 341/2002

Úrskurður yfirskattanefndar nr. 359/2005

Úrskurður yfirskattanefndar nr. 43/2016

Úrskurður yfirskattanefndar nr. 137/2021

Hrd. 14. nóvember 1949 í máli nr. 1949/423

Hrd. 4. júní 1987 í máli nr. 12/1986

Hrd. 9. desember 1996 í máli nr. 437/1996

1. Inngangur

Samkvæmt íslenskum lögum er sú meginregla að löggjafanum er heimilt að setja lög hvers efnis sem honum hugnast með þeim takmörkum einum sem stjórnarskrárgjafinn hefur sett honum.¹ Þessi meginregla leiðir af 2. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944.² Þar segir að Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvald. Í 40. og 77. gr. stjkskr. segir að löggjafinn hafi heimild til þess að leggja skatta, breyta þeim eða afnema þá. Staðreyndin er sú að ekkert ríki myndi geta starfað án tekna og því hafa skattar verið til staðar frá fyrstu myndum samfélags. Hugmyndin um skatta er að einstaklingar ráðstafi hluta af eignum sínum til samfélagsins í þeim tilgangi að samfélagið geti starfað.³ Skilgreining Jónatans Þórmundssonar á skatthugtakinu er svohljóðandi:

Skattur er greiðsla, venjulega peningagreiðsla, sem tilteknir hópar einstaklinga eða lögaðila verða að gjalda til hins opinbera samkvæmt einhliða ákvörðun ríkisvaldsins eftir almennum, efnislegum mælikvarða og án sérgreinds endurgjalds frá hinu opinbera.⁴

Áhrifavaldar er sú atvinnugrein þar sem einstaklingar nota samfélagsmiðla líkt og Snapchat, Instagram, YouTube og Facebook til að markaðsetja tiltekna vöru eða þjónustu. Áhrifavaldar eru almennt með stóran hóp fylgjenda á samfélagsmiðlum og þar með geta þeir haft áhrif á kauphegðun fylgjenda sinna með auglýsingum og umfjöllunum. Geta fyrirtæki þannig verið í samstarfi við ákveðna áhrifavalda um að koma vöru eða þjónustu á framfæri við fylgjendur sína.⁵ Áhrifavaldar fá greitt fyrir birtingar annað hvort í formi peningagreiðslna eða eins og í einhverjum tilvikum fæst endurgjaldið í formi hlunninda líkt og vörum, afnot af bifreið, góðum afsláttarkjörum eða utanlandsferðum. Þegar áhrifavaldar fá vöru eða þjónustu að gjöf án þess að það hafi verið samið um auglýsingu, má áætla að tilgangur viðkomandi fyrirtækis sé að koma vöru sinni eða þjónustu á framfæri hjá fylgjendum þessa ákveðna áhrifavalds. Ávallt skal hafa í huga meginregluna um að allar tekjur séu skattskyldar hvort sem þær eru í formi peningagreiðslna eða annars konar verðmæta, nema þau séu sérstaklega undanþegnar í lögum.⁶ Við ákvörðun skattlagningar þarf að líta til hvort áhrifavaldur sé í atvinnurekstri og hvernig

¹ Sindri M Stephensen, „Markalína eignarnáms og skatta“ (2014) Úlfjótur – Tímarit laganema 605, 609.

² Hér eftir stjkskr.

³ Sindri M. Stephensen (n.1) 609.

⁴ sama heimild 609.

⁵ „Áhrifavaldar“ (Skatturinn). < <https://www.skatturinn.is/atvinnurekstur/skattskylda/ahrifavaldar/> > Skoðað 11. febrúar 2022.

⁶ sama heimild.

endurgjald er fyrir þá þjónustu. Ef viðkomandi áhrifavaldur er í atvinnurekstri eru tekjurnar almennt skattskyldar.⁷ Hvort viðkomandi telst vera í atvinnurekstri ræður það úrslitum hvernig skattlagningu er háttáð.

Markmið þessarar ritgerðar er að fjalla um einstaklinga í eigin rekstri og þá sérstaklega með áherslu á áhrifavalda og þá hverjar skattalegu skuldbindingarnar þeirra eru. Áhrifavaldar geta verið í atvinnurekstri og þegar hagnaður starfseminnar er yfir 2.000.000 kr. á ári, sbr. 3. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt⁸ ber þeim að skrá sig á virðisaukaskattskrá.⁹ Mögulegt væri að álykta að áhrifavaldur sé að stunda tórstundastarfsemi eða þá að áhrifavaldur sé ekki að stunda starfsemi sína í hagnaðarskyni sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.¹⁰ Til þess að starfsemi áhrifavalds teljist sem áhugamál hljóta að vera mörk við því og þarf því að greina hvenær áhrifavaldur sé að stunda atvinnurekstur. Það eru ákveðin skilyrði sem þarf að uppfylla svo einstaklingur geti talist vera í atvinnurekstri. Skilgreining Ásmundar G. Vilhjálmssonar hefur verið skipt upp í þrennt; einstaklingur verður að stunda starfsemina með reglubundnum hætti og í nokkru umfangi, ekki í of skamman tíma og í hagnaðarskyni.¹¹ Það er margt sem þarf að líta til þegar um er að ræða einstaklinga í eigin rekstri, þá hvernig skattlagningu er háttáð. Þá er tekjum skipt upp í þrjá flokka, A tekjur, B tekjur og C tekjur.

2. Tekjuskattur

2.1. Skattskyldir aðilar

Í fyrsta kafla tekjuskattslaga er fjallað um skattskylda aðila, þ.e. þeir aðilar sem geta verið menn annars vegar og lögaðilar hins vegar, en hvað varðar lögaðila geta þeir verið mismunandi, þ.e. einkahlutafélag, hlutafélag, samlagsfélag, sameignarfélag o.fl.¹² Í 1. gr. laganna er fjallað um ótakmarkaða skattskyldu manna, í 2. gr. er fjallað um ótakmarkaða skattskyldu lögaðila en í 3. gr. er fjallað um takmarkaða skattskyldu bæði manna og lögaðila. 4. gr. laganna fjallar síðan um þá sem eru undanþegnir skattskyldu en væru ella skattskyldir skv. 2. eða 3. gr. tsl.¹³ Munurinn á ótakmarkaðri og takmarkaðri skattskyldu er sá að ótakmarkaða skattskyldan skv. 1. og 2. gr. tsl. bera íslenskir menn og íslenskir lögaðilar sem eru heimilisfastir hér á landi.

⁷ „Áhrifavalдар“ (n.5).

⁸ Hér eftir vskl.

⁹ 3. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

¹⁰ Hér eftir tsl.

¹¹ Ásmundur G. Vilhjálmsson, *Skattur á fyrirtæki* (2. útg. Skattvís 2003) 24.

¹² Páll Jóhannesson „Kennsluhefti Tekjuskattur“ (2021) 8.

¹³ sama heimild 9.

Takmarkaða skattskyldu bera hins vegar almennt erlendir menn og erlendir lögaðilar sem ekki eru heimilisfastir hér á landi en stunda hér eftir atvikum launuð störf eða starfsemi eða eftir atvikum hljóta héðan greiðslur af einhverju tagi.¹⁴ Að því sögðu eru allir menn sem heimilisfastir eru hér á landi, skyldir til að svara skatti af öllum tekjum sínum, hvaðan sem þær stafa og hverjar sem þær eru.¹⁵ Tekur því skattskyldan jafnt til launatekna og skyldra tekna, atvinnurekstrartekna og fjármagnstekna. Með heimilisfesti er umfram allt átt við fasta búsetu eða varanlega dvöl, sbr. einkum 1. tl. og 3. tl. 1. gr. tsl.¹⁶ Með því sögðu eru menn sem talað er um sagðir bera fulla og ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi.¹⁷ Við ákvörðun á fullri skattskyldu lögaðila eru gerðar hliðstæðar kröfur um varanleg tengsl við landið, og er í því sambandi algengast, að miðað sé við þann stað, þar sem hlutaðeigandi er skráður, þ.e. skráningarreglan eða telur heimili sitt samkvæmt samþykktum sínum, þ.e. varnarþingsreglan.¹⁸

2.2. Ótakmörkuð skattskylda

Fjallað er um menn með ótakmarkaða skattskyldu í 1. gr. tsl. En þeim ber skylda að greiða tekjuskatt af öllum sínum tekjum, hvort sem þeim er afað hérlendis eða erlendis.¹⁹ Eftirtaldir menn ber ótakmarkaða skattskyldu:

1. Þeim sem heimilisfastir eru hér á landi.
2. Þeim sem heimilisfastir hafa verið hér á landi en flutt úr landi og fellt hafa niður heimilisfesti sitt hér, nema þeir sanni að þeir séu skattskyldir í öðru ríki á sama hátt og menn heimilisfastir þar og hafi fullnægt þeim skattskyldum sínum. Skattskylda þessi gildir þó aðeins í þrjú ár frá næstu áramótum eftir brottflutningsdag.
3. Þeim sem dvelja hér á landi lengur en samtals 183 daga á sérhverju 12 mánaða tímabili, þar með talin eðlileg fjarvera héðan af landi vegna orlofs og þess háttar.
4. Þeim sem eigi falla undir ákvæði 1.–3. tölul. þessarar greinar en starfa samtals lengur en 183 daga á sérhverju 12 mánaða tímabili, þar með talin eðlileg fjarvera frá starfi vegna orlofs og þess háttar, um borð í loftfari eða skipi sem skráð er hér á landi.²⁰

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. tsl. skal miða við reglur um lögheimili við ákvörðun á heimilisfesti en þar er átt við lög nr. 80/2018, um lögheimili og aðsetur. Almennt má líta svo á ef

¹⁴ Páll Jóhannesson (n.12) 9.

¹⁵ Ásmundur G. Vilhjálmsson (n.11) 467.

¹⁶ sama heimild 467.

¹⁷ sama heimild 467.

¹⁸ sama heimild 467.

¹⁹ sama heimild 11.

²⁰ 1. mgr. 1. gr. tsl.

einstaklingur á lögheimili hérlendis að þá beri hann ótakmarkaða skattskyldu hér á landi.²¹ Samkvæmt 2. gr. laga um lögheimili kemur fram að lögheimili manns sé sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu en það sé þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómstundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika.²²

Í 3. gr. tsl. er fjallað um takmarkaða skattskyldu manna og lögaðila. Ákvæðinu hefur verið skipt upp í tvennt, þar sem 1. og 2. tl. fjallar um takmarkaða skattskyldu manna en í 3.-8. tl. er fjallað um takmarkaða skattskyldu aðila, en hún getur átt við bæði menn og lögaðila. 9. tl. fjallar sérstaklega um erlenda sendiherra, sendiráðsmenn og erlenda starfsmenn sendisveita annarra ríkja hér á landi og aðra, sem njóta úrlendisréttar.²³ Í 1. tl. 3. gr. tsl. segir að allir menn sem dvelja hér á landi skulu njóta launa fyrir störf sín og greiða tekjuskatt af þeim launum. En þetta ákvæði tekur til þeirra sem dvelja hér á landi í 183 daga eða skemur á sérhverju 12 mánaða tímabili. Ef menn dvelja lengur en þetta tímabil bera þeir ótakmarkaða skattskyldu.²⁴

3. Einstaklingar í eigin rekstri

Reglur um einstaklinga í eigin rekstri eru oft þær sömu og eiga við um atvinnurekstur í formi félaga. Munur er þó á því að mun víðtækari kröfur og formreglur eru gerðar til þeirra sem eiga atvinnurekstur í formi félaga, auk þess er mun meiri kostnaður við stofnun slíkrar atvinnustarfsemi. Þegar um er að ræða einstakling í eigin rekstri er það einstaklingur sem stundar sjálfstæða starfsemi með reglubundnum hætti og í þó nokkru umfangi og með þeim tilgangi að hagnast.²⁵ Einstaklingur eða félög teljast vera verktaki, taki hann eða þau að sér að annast eða vinna verk sem hann er ábyrgur fyrir. Því væri áhrifavaldur einstaklingur í eigin rekstri þar sem áhrifavaldurinn er að veita þjónustu á sínum samfélagsmiðlum og ber hann sjálfur ábyrgð á því. Áhrifavaldur hagnast á þjónustunni sem hann veitir sjálfur og myndi teljast vera í eigin rekstri. Það er ekki alltaf eins auðvelt og jafn skýrt hvar mörkin liggja um hverjir teljast launþegar og hverjir verktakar. Ef áhrifavaldur vinnur aðeins fyrir einn eða fáa ræðst það af því hvernig eðli starfssambandsins er við þann sem unnið er fyrir hvort sem sá teljist vera verktaki eða launamaður. Ríkisskattstjóri getur metið það hvort einstaklingur teljist

²¹ Ásmundur G. Vilhjálmsson (n.11) 12.

²² sama heimild 12.

²³ sama heimild 18.

²⁴ sama heimild 18.

²⁵ „Nýir í rekstri“ (Skatturinn.is) < <https://www.skatturinn.is/atvinnurekstur/ad-hefja-rekstur/stofna-rekstur/> > skoðað 17. febrúar 2022.

verktaki eða launamaður í skattalegu tilliti. Ríkisskattstjóri getur þannig hafnað umsókn um virðisaukaskattsnúmer og vísað þannig í það að einstaklingurinn sem er að sækja um skuli teljast starfsmaður þrátt fyrir samning um verktakagreiðslur.²⁶ Ríkisskattstjóri getur að auki metið starfssamband eftir á og breytt skattskilum úr rekstraraðila í launamanns með tilheyrandi endurákvörðun skatta auk viðurlaga.

3.1. Hver er munurinn á launþega og verktaka?

Einn helsti munur starfsmanns og verktaka er ábyrgðin. Þegar einstaklingur er starfsmaður hjá vinnuveitanda er ábyrgð verksins eða vinnunnar á vinnuveitanda en þegar um er að ræða verktaka ber hann ábyrgð á að verkið sé unnið. Síðan eru réttindi og skyldur verktaka og starfsmanna ólík. Sem starfsmaður hjá vinnuveitanda þarf sá einstaklingur að greiða skatta og gjöld af öllum þeim tekjum sem aflað er hérlandis sbr. 1. gr. tsl. Starfsmaður greiðir í gegnum staðgreiðsluskil sem vinnuveitandi annast, og eru þau tekjuskattur, útsvar og iðgjald í lífeyrissjóð.²⁷ Að vera starfsmaður hjá vinnuveitanda skapar einnig skyldu fyrir vinnuveitanda að greiða gjöld fyrir hvern og einn starfsmann, þ.e. tryggingagjald, mótframlag í lífeyrissjóð og fjársýsluskatt eftir tilvikum. Síðan er það á ábyrgð vinnuveitanda að halda eftir og standa skil á fyrrnefndu sköttum og gjöldum í staðgreiðsluskilum sem starfsmanni ber að greiða og auk þess standa skil á launatengdum gjöldum.²⁸ Það sem vinnuveitandi ber ábyrgð á til viðbótar er að halda bókhald, hann þarf að gæta þess að tekjuskráning sé fullnægjandi, þ.e. að gefa út sölureikninga eða nota sjóðvél. Hann þarf að gera upp reksturinn og skila niðurstöðum með skattframtali og með þeim fylgiskjölum sem þarf. Hann þarf að skila launa- og verktakamiðum að loknu rekstrarári ef laun hafa verið greidd eða verktakagreiðslur inntar af hendi. Hann þarf að greiða tekjuskatt af rekstrarhagnaði. Síðan þarf hann að innheimta og standa skil á virðisaukaskatti ef starfsemin er virðisaukaskattskyld og það sama á við um gistináttaskatt. Vinnuveitandi þarf að tilkynna sig inn á skrá hjá ríkisskattstjóra, þ.e. launagreiðandaskrá vegna staðgreiðslu af tekjum starfsmanns og tryggingagjaldi, og ef fjársýsluskattur á við. Auk þess vegna skil á launamiðum og launaframtali. Auk þess þurfa þeir að tilkynna sig á virðisaukaskattsskrá ef starfsemin er virðisaukaskattskyld og stofnskrá gistináttaskatts ef starfsemin er gistináttaskattskyld.²⁹ Áhrifavaldar flokkast sjaldnast í flokk launamanns þar sem þeir vinna oftast með fleiri en einu fyrirtæki í einu og eru ekki stöðugar launatekjur

²⁶ sama heimild.

²⁷ sama heimild.

²⁸ sama heimild.

²⁹ sama heimild.

mánaðarlega, áhrifavaldur getur samt sem áður verið með fastar tekjur hjá einu eða fáum fyrirtækjum en þá myndi áhrifavaldurinn mögulega vera gerviverktaki.

Einstaklingar í eigin rekstri, þ.e. verktakar, þurfa að reikna sér laun vegna þeirrar vinnu sem þeir vinna. Það gilda ákveðnar reglur um lágmarkslaun sem verktakar verða að reikna sér. Á hverju ári eru reglurnar gefnar út og eru fjárhæðir uppfærðar.³⁰ Verktaki skal reikna allar tekjur sem atvinnurekstrartekjur og skiptir það ekki máli hvort þær séu peningagreiðslur eða hlunnindi sbr. b-liður 7. gr. tsl. Verktökum ber að skrá sig á launagreiðendaskrá þar sem þeim er skylt að greiða sér laun. Síðan fer það eftir atvikum hvort þeir eigi að skrá sig á aðrar skrár hjá ríkisskattstjóra, t.d. skrá sig á virðisaukaskattskrá ef svo á við. Verktaki er í raun í bæði hlutverki starfsmanns og vinnuveitanda ef litið er á í skattalegu tilliti og skiptir það ekki máli hvort hann starfi einn eða ekki.³¹ Áhrifavaldur sem er í eigin rekstri, á eigin kennitölu þarf að gæta þess að sinna rekstri í samræmi við reglur um einstaklinga í eigin rekstri sem greint var frá hér að ofan. Til álita er hvort áhrifavaldur skuli aðeins teljast vera í atvinnurekstri ef hagnaður starfseminnar er yfir 2.000.000 kr. á 12 mánaða tímabili eins og greint er um leigutekjur í 3. mgr. 7. gr. a. tsl. en þar segir:

Tekjur af starfsemi sem fellur undir b-lið 1. mgr. skulu skattlagðar samkvæmt ákvæði 1. másl. 3. mgr. 66. gr. án frádráttar. Nemi heildarfjárhæð leigutekna skv. b-lið 1. mgr. hærri fjárhæð en 2.000.000 kr. eða ef sýslumaður fellir niður skráningu heimagistingar falla allar leigutekjurnar á tekjuárinu undir atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.³²

Verktaka ber þannig að greiða skatt af eigin launum og þar með greiða launatengd gjöld. Auk þess bera verktakar ábyrgð á því sem vinnuveitendur bera almennt ábyrgð á, sem nefnt var hér að ofan. Ef fleiri starfa við rekstur verktaka ber honum að standa skil á áðurnefndum sköttum og gjöldum vegna launa þeirra. Sömu reglur gilda um laun einstaklinga í eigin rekstri og einstaklinga sem starfa við atvinnurekstur sjálfstæðs félags, t.d. einkahlutafélag. Það er vegna þess að eigandinn er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Það fer eftir umfangi og eðli starfsemi hvaða kröfur eru gerðar til verktaka hverju sinni. Eins og hvort um sé að ræða virðisaukaskattskylda starfsemi.³³

³⁰ sama heimild.

³¹ sama heimild.

³² Lög um tekjuskatt nr. 90/2003.

³³ „Nýir í rekstri“ (n.25).

3.2 Gerviverktaki

Eins og greint var frá hér að ofan er mikill munur á því að vera launamaður og að vera verktaki, þá allra helst hvað varðar réttindi, skyldur, ábyrgð og hvernig skattaleg meðferð tekna er háttað að mörgu leyti. Oft ræður það ekki úrslitum hvort samningur einstaklinga sé nefndur verktakasamningur eða vinnusamningur í raun og veru. Það sem ræður úrslitum er innihald og heildarmat á aðstæðum. Ef um er að ræða samning sem nefndur er verktakasamningur en þegar nánar er litið á er um að ræða vinnusamning er það gerviverktaka.³⁴

Þegar skoðað er hvers konar samningssamband er við lýði er ákveðið mat sem kemur til skoðunar en það vegur mismikið. Það þarf að skoða samninginn með hliðsjón af kringumstæðum í hverju tilviki fyrir sig.³⁵ Dæmi um gerviverktaka er einstaklingur sem vinnur hjá verkkaupa almennan vinnudag eins og launþegi myndi gera og hefur samið mögulega um jafnar mánaðarlegar greiðslur og vinnur aðeins fyrir einn verkkaupa. Hann sendir hins vegar reikning fyrir þá vinnu sem hann innir af hendi í stað þess að fá staðgreiðsluskyld laun. Þetta er heimilt og líta skattayfirvöld framhjá því.³⁶ Samband starfsmanns og vinnuveitanda og hins vegar verktaka og verkkaupa eru mismunandi og þess vegna þarf að skoða það heildstætt í hverju tilviki fyrir sig.

Á heimasíðu skattsins er að finna spurningar sem gætu leitt í ljós hvort einstaklingur sé launamaður, verktaki eða hreinlega gerviverktaki. Þá fyrst er skoðað hvort viðkomandi vinnur verkið fyrir einn aðila eða fleiri. Þegar um er að ræða verktaka sem vinna ákveðið verk, bjóða þeir almennt þjónustu sína á almennum markaði en ef einstaklingur vinnur aðeins fyrir einn aðila eða fáa er oftast um að ræða vinnusamband en ekki verktakasamband. Er það einstaklingurinn eða kaupandinn sem kaupir það sem þarf til að vinna vinnuna? Í þeim tilvikum þar sem það er kaupandinn eru meiri líkur á því að um sé að ræða vinnusamning. Eins og t.d. ef áhrifavaldur fær síma eða tölvu frá kaupanda til þess að auglýsa tiltekna vöru eða þjónustu. Þarf einstaklingurinn að vinna verk af hendi persónulega? Þegar verktakar taka það að sér að vinna ákveðið verk eru þeir í flestum tilvikum ekki skyldugir til að inna verkið af hendi persónulega en við þessu eru þó nokkrar undantekningar.³⁷ Hins vegar þegar um er að ræða starfsmenn er þeim skylt að inna verkið af hendi persónulega, t.d. starfsmaður sem kemst ekki til vinnu getur ekki beðið vin sinn að mæta fyrir sig. Hver er sá sem ber ábyrgð á verkinu? Í tilviki verktaka er það hann sjálfur sem ábyrgist að verkið sé unnið en í tilviki starfsmanna er það vinnuveitandi sem ábyrgist árangur starfsmanns síns. Þegar tjón á sér stað, hver er það sem

³⁴ sama heimild.

³⁵ sama heimild.

³⁶ sama heimild.

³⁷ sama heimild.

ábyrgist það? Sem verktaki ber hann skaðabótaábyrgð á því tjóni sem þeir valda við vinnu sína. Þegar starfsmaður veldur tjóni er það vinnuveitendaábyrgð sem verndar starfsmanninn sem felur í sér að vinnuveitandi ber ábyrgð á því tjóni sem starfsmaður hans veldur með sagnæmum eða ólögum hætti á vinnutíma.³⁸ Hver er það sem hefur stjórnunarrétt? Sem verktaki er það mun rýmra hvernig, hvar og hvenær verkið er unnið. Það síðasta sem þarf að líta til er hvort greiðslan miðast við árangur verks eða við tímaeiningu. Hjá verktökum miðast greiðsla almennt við árangur en þegar um er að ræða tímaeiningu á það oftast við launamann.³⁹ Síðan er fjallað ítarlega um mat gerviverktaka í úrskurðum yfirskattanefndar og þar með nr. 43/2016 þar sem ríkisskattstjóri taldi að greiðslur sem Y ehf. hafði fengið fyrir aðkeypta þjónustu væru í raun og veru launatekjur þar sem störf Y ehf. samræmdust ekki verktakagreiðslum heldur frekar launagreiðslum.⁴⁰ Áhrifavaldur gæti mögulega verið gerviverktaki í ákveðnum tilvikum þegar hann veitir þjónustu sína hjá tilteknu fyrirtæki eða jafnvel fyrirtækjum. Dæmi um það væri ef áhrifavaldur fengi greiddar peningagreiðslur frá fyrirtæki til þess að auglýsa bifreið og fær mánaðarlegar greiðslur líkt og launagreiðslur, auk þess fær áhrifavaldurinn afnot af bifreiðinni. Þá væri mögulegt að segja að verkkaupandinn væri að veita áhrifavaldinum það verkfæri til þess að vinna vinnuna sína.⁴¹

4. Tegundir tekna

Til þess að greina hvernig skattlagning áhrifavalda hérlendis er þarf að skoða hvers konar tekjur er um að ræða. Skipting tekna er greint frá í 7. gr. tsl. og er það mikilvægur þáttur í tekjuskattslögunum. Tegundir tekna skiptast í A tekjur, B tekjur og C tekjur og er ákvæðið skipt eins upp, í A, B og C lið.

4.1. A-tekjur

Samkvæmt A-lið 7. gr. tsl. eru A tekjur launatekjur einstaklinga og aðrar skyldar tekjur.⁴² Þessar tekjur eru skattlagðar með skattþrepunum 31,45%, 37,95% eða 46,25%. Í B-lið 7. gr. tsl. er fjallað um atvinnurekstrartekjur, þ.e. atvinnurekstrartekjur einstaklinga og lögaðila. Tekjur lögaðila eru skattlagðar með 20% eða 37,6% skattþrepi, sem fer eftir félagiformi, t.d.

³⁸ sama heimild.

³⁹ sama heimild.

⁴⁰ Úrskurður yfirskattanefndar nr. 43/2016.

⁴¹ „Nýir í rekstir“ (n.25).

⁴² Páll Jóhannesson (n.12) 30.

einkahlutafélag eða samlagsfélag. Hins vegar eru einstaklingar skattlagðir með 31,45-46,25% skattþrepi og það á við bæði A tekjur og B tekjur. Er það því þannig að einstaklingur sem stundar atvinnurekstur í eigin nafni greiðir því 31,45-46,25% tekjuskatt af hagnaði þess reksturs. En hvað varðar rekstur einkahlutafélaga þarf að reikna endurgjald til eiganda og 22% fjármagnstekjuskatt þegar arður er greiddur til eiganda.⁴³

4.2. B-tekjur

Í B-lið 7. gr. tsl. er fjallað um tekjur af atvinnurekstri og í ákvæðinu segir:

að allar tekjur af atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi, þar með talið endurgjald fyrir selda vöru og þjónustu, umboðslaun, þóknanir, atvinnurekstrarstyrkir, rekstrarstöðvunarbætur og hvers konar tekjur sem upp eru taldar í öðrum liðum þessarar greinar og tengdar eru atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Það sem fellur undir ákvæðið eru í fyrsta lagi reglulegar tekjur af sölu á vöru og þjónustu og eru það þessar eiginlegu atvinnurekstrartekjur; hliðartekjur eða afleiddar tekjur svo sem vextir, afföll og gengishagnaður svo og arður. Síðan eru það einstaklega tilfallandi tekjur eða hagnaður af sölu eigna, þ.e. óreglulegar tekjur.⁴⁴ Það er þó munur á milli uppgjöra reglulegra tekna og einstaklega tilfallandi tekna eins og hagnaðar. Reglulegar tekjur eru gerðar upp sem brúttótekjur en hagnaður sem nettótekjur.⁴⁵ Þegar um er að ræða hagnað er hægt að dreifa skattlagningu en slíkir möguleikar er ekki í boði fyrir reglulegar tekjur. Í dag er algengt að þeir sem vinna við eigin atvinnurekstur, að það fari í gegnum einkahlutafélög og þar með greiða aðeins 22% tekjuskatt af hagnaði atvinnurekstrar. Óeðlilegt væri hins vegar ef menn sem inntu af eigin atvinnurekstri kæmust hjá því að greiða tekjuskatt og útsvar, þ.e. 31,45-46,25% eins og almennir launþegar.⁴⁶ Í 2. mgr. A-liðar 7. gr. segir að vinni maður við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skuli hann telja sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt og hefði hann innt það af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila. Þ.e. ber þeim aðilum að reikna sér endurgjald.

⁴³ sama heimild 29.

⁴⁴ Ásmundur G. Vilhjálmsson „Skattur á menn, einstaklingsskattaréttur“ (Frádráttur frá tekjum í atvinnurekstri. Rekstrarkostnaðarhugtakið, 15. október 2018) glæra 3 <<https://docplayer.dk/108992475-Skattur-a-menn-einstaklingsskattarettur.html>> skoðað 17. febrúar 2022

⁴⁵ sama heimild glæra 4.

⁴⁶ Ásmundur G. Vilhjálmsson (n.12) 26.

4.3. C-tekjur

Í C-lið 7. gr. tsl. er fjallað um tekjuskatt á fjármagnstekjur. Það sem er algengast að falli undir þetta ákvæði eru vextir, gengishagnaður, arður, söluhagnaður og leigutekjur. Þegar um er að ræða félög skiptir litlu máli hvort tekjurnar séu skattlagðar B eða C tekjur þar sem skattprósentan er sú sama. En þegar um er að ræða einstaklinga getur það skipt töluverðu máli, þar sem fjármagnstekjur einstaklinga eru mun lægra skattlagðar heldur en A og B tekjur sem eru skattlagðar mun hærrí.⁴⁷ Til álita væri hvort vörur og þjónusta sem áhrifavaldur fær geti skilgreinst sem fjármagnstekjur einstaklinga.

5. Gjafir og hlunnindi

Ákvæði 1. tl. A-liðar 7. gr. tsl. er orðað rúmt og á ekki aðeins við um launagreiðslur heldur einnig starfstengdar greiðslur, fríðindi og hlunnindi, auk þess framlög og gjafir sem sýnilega eru gefnar sem kaupauki. Meginreglan er að öll laun eru skattskyld skv. tekjuskattslögum og þar með öll hlunnindi. Það þurfa að liggja fyrir skýrar undantekningar til þess að geta byggt á skattfrelsi.⁴⁸ Það getur verið erfitt að meta hlunnindi til peningaverðs en ríkisskattstjóri gefur út reglur um mat á hlunnindum á hverju ári, með staðfestingu frá ráðherra, sú heimild er byggð á 118. gr. tsl., þetta slíka mat er birt á heimasíðu ríkisskattstjóra⁴⁹ og tekur það til flestra hlunninda sem þarf að meta til verðs. Ef einhver hlunnindi sem ekki er að finna á skattmati fjármálaráðherra hefur sú spurning vaknað hvort þau hlunnindi séu undanþegin skatti. Meginreglan er sú að greiða þarf skatt af öllum hlunnindum, þ.e. ólíklegt væri að ætla að þau hlunnindi sem ekki eru nefnd séu undanþegin. Hins vegar getur verið erfðara að finna viðeigandi skattstofn, þá fjárhæð sem þarf að greiða skatt af. Meginreglan er að hlunnindi skal teljast til tekna á markaðsverði eða gangverði s.s. ef ekki er að finna þau hlunnindi í skattmati ríkisskattstjóra.⁵⁰

Um gjafir er fjallað í 7. gr. tsl. og segir ákvæðið að skattskyldar tekjur í skilningi laganna séu hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðili hlotnast og metin verða til peningaverðs og það skiptir ekki máli af hverju þær stafa eða í hvaða formi þær eru.⁵¹ Í lögnum er tekjuhugtakið mjög víðtækt en til skilningar á því hvað telst til tekna eru nefnd

⁴⁷ sama heimild 29.

⁴⁸ sama heimild 25.

⁴⁹ „Tekjur og frádráttur“ (Skatturinn) < <https://www.skatturinn.is/einstaklingar/tekjur-og-fradraettir/skattmat> > skoðað 10. mars 2022.

⁵⁰ Páll Jóhannesson (n.12) 26.

⁵¹ Sindri M Stephensen „Skattlagning gjafa“ (2016) 66 2 Úlfjótur – Tímarit laganema 273, 274.

ákveðin dæmi sem falla undir ákvæðið. Ítarlega er fjallað um hvað séu skattskyldar tekjur í 4. tl. A-liðar 7. gr. tsl.:

Verðlaun og heiðurslaun, vinningar í happdrætti, veðmáli eða keppni. Beinar gjafir í peningum eða öðrum verðmætum, þar með talin afhending slíkra verðmæta í hendur nákominna ættingja, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða. Undanskildar eru þó tækifærisgjafir, enda sé verðmæti þeirra ekki meira en almennt gerist um slíkar gjafir svo og verðlitlir vinningar í almennum happdrættum og keppnum.

Frá fyrstu almennum skattalögum hefur ávallt verið tiltekið að gjafir skulu vera skattskyldar tekjur. Með lögum nr. 6/1935 um tekjuskatt og eignarskatt var lögfest að tækifærisgjafir féllu utan tekjuhugtaks laganna, nema um væri að ræða arðberandi eignir.⁵² Gjafir sem gefnar eru augljóslega sem kaupauki skal teljast til endurgjalds fyrir vinnu, starf eða þjónustu sbr. 1. tl. A-liðar 7. gr. tsl. Til betri skilnings má líta til ákvæða reglugerðar nr. 245/1963 hvað lúta að gjöfum. Það er skattstjóri sem metur gjafir til peningaverðs sbr. A. liður 16. gr. reglugerðarinnar. Kemur að auki fram í ákvæðinu að ef um er að ræða eignarskipti eigi að meta hvora tveggja eignina.⁵³ Þegar aðilar eru í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skulu tekjur þeirra, teljast sem atvinnurekstrartekjur, sbr. B-liður 7. gr. tsl. Hugtakið gjöf hefur verið skilgreint í fjármunarétti þannig, að gjöf skerðir eignir gefanda og leiðir til auðgunar fyrir móttökuhafann og er gefin í gjafartilgangi.⁵⁴ Þriðja skilyrðið hefur almennt minna vægi þegar kemur að skattarétti. Það hvílir á skattayfirvöldum hvað varðar sönnun um hvort gefandi hafi skert eignir sínar og auk þess auðgun móttakandans. Það er mikilvægt fyrir skattayfirvöld hvort um auðgun móttakanda sé að ræða vegna þess að það ákvarðar skattstofn samkvæmt 4. tl. A-liðar 7. gr. tsl. Þótt það sé endurgjald fyrir gjöfinni getur verið um að ræða auðgun móttakanda. Hugtakið gjafatilgangur er huglægt skilyrði og talið vera óræðara en hin tvö skilyrðin. Hefur gjafatilgangur þess vegna verið skilgreindur vilji gefanda til þess að gefa verðmæti og rýra með því eigur sínar.⁵⁵

6. Skattasniðganga

Þegar um er að ræða gjafir milli aðila sem hafa nú þegar tengsl hefur það orðið ákveðinn vani að klæða örlætisgerninga í búning annars konar ráðstafana til þess að komast hjá því að greiða

⁵² sama heimild 274.

⁵³ sama heimild 274.

⁵⁴ sama heimild 276-277.

⁵⁵ sama heimild 274.

skatt.⁵⁶ Til þess að ganga úr skugga um hvort svo sé, er ákveðin regla sem notuð er, þ.e. skattasniðgangareglan. Í 1. mgr. 57. gr. tsl. er að finna þá reglu og segir hún að ef skattaðilar semja um skipti sín í fjármálum á hátt sem er verulega frábrugðinn því sem almennt gerist í slíkum viðskiptum skulu verðmæti, sem án slíkra samninga hefðu runnið til annars skattaðilans en gera það ekki vegna samningsins, telja honum til tekna.⁵⁷ Fyrirnefnda ákvæðið veitir skattayfirvöldum heimildir til þess að líta framhjá formi gerninga og þá ákveða efni þeirra í skattalegu tilliti.⁵⁸ Í 2. mgr. 57. gr. tsl. segir að ef skattaðili kaupir eign á óeðlilega háu verði eða selji eign á óeðlilega lágu verði geta skattayfirvöld metið hvað telja skuli til eðlilegs kaup- eða söliverðs. Mismun kaupverðs eða söliverðs, hins vegar skal telja matsverð til skattskyldra tekna hjá þeim aðila sem slíkra viðskipta nýtur.⁵⁹ Í fræðiskrifum hefur verið vísað til þess að ákvæði 2. mgr. 57. gr. tsl. sé hluti armlengdarreglu skattaréttarins þar sem borin eru saman viðskipti milli tengdra aðila við þau viðskiptakjör sem teljast eðlileg á frjálsum markaði.⁶⁰ Væri því mögulegt skv. 2. mgr. 57. gr. tsl. fyrir skattayfirvöld að ákvarða skattverð óframtaldrá tekna áhrifavalda, þ.e. gjafir og hlunnindi sem þeir fá. Hægt er að finna sambærilegt ákvæði í virðisaukaskattslögunum en það er 8. gr. vskl. Í 2. mgr. ákvæðisins segir að við afhendingu á vöru eða þjónustu án endurgjalds skal miða skattverð við almennt gangverð í sams konar viðskiptum.⁶¹ Væri því mögulegt að byggja á ákvæðinu í sambandi við áhrifavalda, þ.e. þegar áhrifavaldar fá vörur eða þjónustu að „gjöf“ skal skattverð varanna eða þjónustunnar vera gangverð vörunnar, eða sambærilegra vara eða þjónustu.

7. Hvenær er áhrifavaldur í atvinnustarfsemi?

Áhrifavaldur getur talist vera í atvinnurekstri með uppfylltum skilyrðum, telst hann vera í virðisaukaskattskyldri starfsemi þegar hagnaður starfseminnar er yfir 2.000.000. kr. á 12 mánaða tímabili, sbr. 3. tl. 1. mgr. 4. gr. vskl. En þá kemur til álita hvort áhrifavaldur geti talist vera í atvinnurekstri eður ei, eða hvort eingöngu sé um að ræða tómskundastarfsemi. Einnig kemur til álita hvenær og hvort starfsemi geti byrjað sem áhugamál en færst yfir í atvinnurekstur. Í þessum kafla verður fjallað um atvinnurekstur almennt og hvenær aðili telst vera í atvinnurekstri.

⁵⁶ sama heimild 274.

⁵⁷ 1. mgr. 57. gr. tsl.

⁵⁸ Sindri M. Stephensen (n.51) 292.

⁵⁹ 2. mgr. 57. gr. tsl.; Sindri M. Stephensen (n.51) 292.

⁶⁰ Sama heimild 293.

⁶¹ 2. mgr. 8. gr. vskl.

7.1. Almennt um atvinnurekstur

Þegar aðili rekur atvinnu telst það vera atvinnurekstur. Oft er það kallað að vera í sjálfstæðri starfsemi að vera í atvinnurekstri, þá eru þeir aðilar sem stunda sjálfstæða starfsemi ekki launþegar.⁶² Sjálfstæð starfsemi er auk þess kölluð einstaklingsrekstur eða einstaklingsatvinnurekandi, en með því er verið að greina sjálfstæða starfsemi frá félagarekstri, þ.e. lögaðila. Enn fremur tekur orðið atvinnurekstur til einstaklinga sem eru í eigin rekstri og félagarekstri.⁶³ Þær tekjur sem einstaklingar í atvinnurekstri afla kallast atvinnurekstrartekjur og tilheyra þær sama tekjuskattstofni sem er ólíkt einstaklingstekjum, sem geta tilheyrt tveimur tekjuskattstofnum, þ.e. launum og skyldum tekjum og hins vegar fjármagnstekjum. Eins og fram hefur komið sæta fyrirtæki og einstaklingar ólíkri skattlagningu. Heimilt er að draga frá heildargjöld sem hafa verið notuð til öflun tekna. Þá eru það þeir sem stunda sjálfstæða starfsemi og greiða nettóskatt af tekjum sínum. En það má aðeins draga frá ákveðna frádráttarliði frá heildartekjum einstaklinga, sem eru tilgreindir í lögum. Kallast það brúttóskattur sem dregst af tekjum manna.⁶⁴ Til þess að ákveða hvaða skattaðili skal greiða af tekjum sínum, verður að skilgreina hvað sé atvinnurekstur og afmarka hvaða tekjur tilheyra rekstrinum.⁶⁵ Skilgreining Ásmundar G. Vilhjálmssonar á hugtakinu atvinnurekstur er sú að, „[a]tvinnurekstur má almennt skilgreina sem sjálfstæða starfsemi, sem stunduð er með reglubundnum hætti og nokkru umfangi, í ekki mjög skamman tíma í þeim efnahagslega tilgangi að hagnast fé.“ Hefur þessari skilgreiningu verið skipt upp í þrennt til þess að skilgreina hvort einstaklingur teljist vera í atvinnurekstri, þá fyrst er spurningin hvort um sé að ræða sjálfstæða starfsemi, í öðru lagi hvort hún sé stunduð með reglubundnum hætti og í nokkru umfangi og þá síðast hvort hún sé í hagnaðarskyni.⁶⁶ Að auki er sjálfstæðisskilyrði sem þarf að vera uppfyllt, þ.e. má sá einstaklingur ekki vera háður öðrum aðila við framkvæmd vinnu sinnar. Það sem felst í því er að einstaklingur ræður því hvaða verk hann vinnur, hvernig þau eru unnin og fyrir hvaða verð, sbr. umfjöllun um einstaklinga í eigin rekstri.⁶⁷

7.2. Tómsundastarfsemi vs. atvinnurekstur

Þegar talað er um tómsundastarfsemi er átt við sjálfstæða starfsemi, sem lítur ekki út fyrir, miðað við umfang, tegund og hvernig starfsemin er rekin, að hún muni geta skilað afgang-

⁶² Ásmundur G. Vilhjálmsson (n.11) 22.

⁶³ sama heimild 22.

⁶⁴ sama heimild 23.

⁶⁵ sama heimild 24.

⁶⁶ sama heimild 24.

⁶⁷ sama heimild 24.

hagnaði, þótt lítið sé til lengri tíma.⁶⁸ Þetta eru oft þau atriði sem ríkisskattstjóri synjar skráningu á virðisaukaskattskrá. Stundum er starfsemi talin of nátengd einkalífi manna og getur það talist vafasamt að slík starfsemi geti verið atvinnurekstur.⁶⁹ Í ákveðnum tilfellum væri mögulegt að fella starfsemi áhrifavalda undir það að vera tómstundastarfsemi. Þegar um er að ræða áhrifavald sem til dæmis hefur brennandi áhuga á snyrtivörum og húðumhirðu, er mögulega menntaður snyrtifræðingur og í kjölfar þess birtir sínar skoðanir um ákveðnar vörur á sína samfélagsmiðla, væri hægt að segja að áhugi áhrifavaldsins liggi þar og þá sé ekki um að ræða hagnaðartilgang. Áhrifavaldurinn fær mögulega gjafir frá fyrirtækjum til þess að auglýsa þær vörur og sýna sínum fylgjendum, óhentugt væri kannski að segja að sú starfsemi sem er ekki endilega í miklu umfangi falli undir atvinnustarfsemi. Önnur dæmi um hvað telst vera tómstundastarfsemi er útleiga á einkaeignum, þ.e. sumarbústaður, bifreið, bátur o.fl. Til þess að slík starfsemi teljist atvinnurekstur þarf útleigan að vera í frekar langan tíma og má eigandinn ekki hafa afnot af eigninni á meðan útleigunni stendur.⁷⁰

Ef einstaklingur stundar tómstundastarfsemi, er ekki heimilt að gera upp afkomuna af henni sem mismun á heildartekjum og heildargjöldum heldur verður að gera upp allar tekjur sér. Halla af henni má því ekki nota til að draga frá afgangi af öðrum atvinnurekstri.⁷¹ Við mat um afkomu starfsemi þarf að fara eftir bókhaldslögum, þar á meðal lögum um ársreikninga, og góðri reikningsskilavenju. Ástæða þess að farið sé yfir reikningsskil er vegna þess að reikningsskil gefa almennt betra yfirlit yfir möguleika starfsemi til þess að standa undir sér, sem skattskil gerir ekki eins vel. Ekki er nóg hins vegar að skoða einungis ársreikninga, þar sem þegar rekstur hefst er gjarnan tap. Þess vegna er gjarnan sniðugt að skoða rekstraráætlun eða markaðskönnun ef þær upplýsingar eru til.⁷² Það er þó grundvallarskilyrði að þessi gögn sem skoðuð eru við mat, séu faglega unnin, til þess að hægt sé að taka mark á þeim. Auk þess verða gögnin að sýna fram á rekstrarafgang seinna meir. Eigið fé eigenda segir líka til um hversu mikla rekstraráhættu þeir hafa tekið. Ef rekstur er rekinn ár eftir ár með tapi og eftir uppbyggingatímabil má ætla að ekki sé um að ræða atvinnurekstur heldur sé reksturinn frekar að öðlast frádráttarbært rekstrartap til að lækka tekjuskatt í öðrum rekstri. Getur það þannig skipt máli fyrir aðila að hafa útskýringu á rekstrartapi.⁷³

⁶⁸ sama heimild 24.

⁶⁹ sama heimild 30.

⁷⁰ sama heimild 32.

⁷¹ sama heimild 32.

⁷² sama heimild 32.

⁷³ sama heimild 32.

Það sem einkennir tómstundastarfsemi er að hún er unnin í frítíma einstaklinga, eftir vinnu eða með öðrum atvinnurekstri.⁷⁴ Þannig geta tekjur af starfseminni ekki verið megintekjur einstaklings og þegar litið er dýpra skipta þessar tekjur nánast ekki máli fyrir afkomu hans. Er tómstundastarfsemi því ekki háð þeim markaðslögmálum sem gilda almennt um venjulega atvinnustarfsemi. Þegar talað er um skattframkvæmd er langalgengast að það reyni á mörkin milli þess að vera í tómstundastarfsemi eða atvinnurekstri. Þegar um er að ræða einstaklingsrekstur, er átt við búrekstur, ritstörf og sölu á notuðum bifreiðum. Það er ákveðið mat sem fer fram til þess að kanna hvort slík starfsemi sé tómstundastarfsemi eða atvinnurekstur.⁷⁵ Í framkvæmd hefur mest verið lagt upp úr því hvert umfang starfseminnar er, þá er átt við fjölda viðskipta og hverjar heildartekjurnar eru, fjölda eigna og þær sem eru notaðar við tekjuöflun. Þá er oftast gerð sú krafa að starfsemin gangi að hagnaði. Á það líka við um þegar starfsemin er fjölþætt og starfsþættirnir óskyldir.⁷⁶ Ef aðili er í öðrum atvinnurekstri þarf minna til að þessi minni starfsemi teljist vera atvinnurekstur og þá ef hún telst vera eðlilegur þáttur í heildarstarfsemi aðila. Ef starfsemin telst vera það umfangsmikil ein og sér, getur hún talist vera hliðarstarfsemi, sbr. Hrd. 1949/423 (Steindórsmálið) þar sem aðili sem rak leigubifreiðastöð, átti við sölu á notuðum bifreiðum og taldist sú starfsemi vera það umfangsmikil að hún var þáttur í atvinnurekstri hans. Þótt starfsemi teljist vera atvinnurekstur við stofnun þýðir ekki endilega að það geti ekki breyst.⁷⁷ Það er mikið sem getur breyst um árabíl og getur það orðið til þess að reksturinn gangi eins vel og getur það orðið til þess að reksturinn teljist vera tómstundastarfsemi. Það þýðir samt ekki að auðkenni fyrirtækis hafi verið röng frá upphafi.⁷⁸ En í 2. mgr. 16. gr. segir:

Hagnaður manns af sölu lausafjár, sem ekki er notað í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, telst þó ekki til tekna, enda geri hann líklegt að sala þess falli ekki undir atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hans eða að eignarinnar hafi ekki verið aflað í þeim tilgangi að selja hana aftur með hagnaði, sbr. 21. gr.

Í lögum um tekjuskatt er ekki að finna skilgreiningu á hugtakinu lausafé, en í norrænni réttarframkvæmd hefur verið notast við neikvæða skilgreiningu á hugtakinu, þ.e. að lausafé telst vera öll önnur verðmæti en fasteignir.⁷⁹ Í úrskurði yfirskattanefndar nr. 137/2021 er um

⁷⁴ sama heimild 32.

⁷⁵ sama heimild 32.

⁷⁶ sama heimild 32.

⁷⁷ sama heimild 32.

⁷⁸ sama heimild 33.

⁷⁹ Úrskurður yfirskattanefndar nr. 137/2021.

að ræða einstakling sem byggir á því að sala hans á rafmyntinni Bitcoin hafi verið gerð í tómstundagaman og ekki gerð í hagnaðarskyni. Byggt var á 2. mgr. 16. gr. tsl. að söluhagnaður hans á rafmyntinni væri ekki talinn skattskyldar tekjur á grundvelli fyrrnefnda ákvæðis. Þá má varpa þeirri spurningu fram hvort áhrifavaldur gæti byggt á fyrrnefndu ákvæði þar sem oft er um að ræða áhugamál einstaklinga.

Hvað varðar tekjur einstaklinga sem stunda tómstundastarfsemi, eru þær flokkaðar sem einstaklingstekjur. Þegar um er að ræða félag sem er tómstundastarfsemi, skulu tekjur sem aflaðar eru teljast einstaklingstekjur félagamanna.⁸⁰ Það fer eftir uppruna einstaklingstekna þegar um frádrátt er að ræða. Ef maður hefur beinan kostnað við öflun tekna en launatekna, má skv. 2. mgr. 30. gr. tsl. draga rekstrarkostnað frá þeim. Það er þó aðeins heimilt að draga kostnað frá ef um er að ræða samskonar tekjur og hann er í þeim tilgangi til þess að afla frekari tekna en kostnaðurinn má aldrei vera hærri en tekjurnar. Ef aðili hefur engar tekjur í ár fellur kostnaðurinn niður í árslok og ef hann er hærri en tekjurnar er óheimilt að færa hann yfir til frádráttar á tekjum ef tekjum er síðan aflað seinna meir.⁸¹ Hins vegar gæti verið heimilt að eignfæra kostnaðinn og draga það þá frá tekjum síðar meir, ef honum var ekki eytt í árslok. Þegar um er að ræða fjármagnstekjur er ekki heimilt að draga frá neinn kostnað og eru þær skattlagðar brúttóskattlagningu, sbr. 2. mgr. 2. tl. B-liðar 30. gr. tsl. og ef maður hafi talið tekjurnar fram og greitt skatt af þeim, verða þær dregnar frá öðrum fjármagnstekjum ef kemur síðan í ljós að þær séu tapaðar sbr. 2. tl. B-liðar 1. mgr. 30. gr. tsl.⁸² Skattaðili sem er í tómstundastarfsemi þarf ekki að reikna sér laun vegna hennar skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. tsl. Í 4. tl. A-lið. 1. mgr. 7. gr. tsl. segir að tækisfærisgjafir séu undanþegnar skattskyldu, en verðmæti þeirra þurfa að vera í hófi og ekki meira en almennt gerist um slíkar gjafir. Að vissu leyti gæti áhrifavaldur byggt á því að ákveðnar gjafir sem hann fær séu tækisfærisgjafir en á hinn bóginn er erfitt að finna hvar mörkin liggja annað en að það þarf að vera í hófi, ekki of dýrt.

8. Fjölpætt starfsemi

Tekjur manna af atvinnurekstri geta bæði stafað af einni ákveðinni starfsemi, t.d. rekstur verslunar og er því megináherslan þar en svo á hinn bóginn getur tvær eða fleiri atvinnugreinar verið þar undir⁸³ svo sem áhrifavaldur sem er launþegi og hins vegar að birta auglýsingar fyrir fyrirtæki á sína samfélagsmiðla. Afli báðar eða allar atvinnugreinarnar jafnra tekna, teljast þær

⁸⁰ Ásmundur G. Vilhjálmsson (n.11) 34.

⁸¹ sama heimild 34.

⁸² sama heimild 34.

⁸³ sama heimild 641.

báðar eða allar aðalatvinnugreinar viðkomandi, en afli ein eða fleiri atvinnugreinar meiri tekna en önnur eða aðrar, er venjan að telja þá eða þær, sem mestra tekna aflaðra, aðalgrein eða aðalgreinar manns og hina eða hinar, sem minni tekna afla, hliðargrein eða hliðargreinar.⁸⁴ Sé atvinnureksturinn stundaður af lögaðila, skiptir umfang hliðargreinnanna ekki máli við ákvörðun á því, hvort tekjurnar af þeim teljist atvinnurekstrartekjur eða einstaklingstekjur, vegna þess að litið er á starfsemiina sem eina óaðskiljanlega heild.⁸⁵

Til þess að starfsemin teljist atvinnurekstur, er því nóg, að báðir eða allir þættir hennar til samans séu stundaðir reglulega með ákveðnu umfangi í ekki mjög skamman tíma í þeim tilgangi að hagnast fé.⁸⁶ Eigi einstaklingur í hlut, er heildstæðu mati hins vegar aðeins beitt, ef atvinnugreinar eru samkynja eða skyldar. Sé hins vegar um ósamkynja eða óskylda starfsemi að ræða, verða báðir eða allir þættir hennar að teljast atvinnurekstur, svo að unnt sé að gera upp tekjur af þeim í einu lagi, sem kallað er.⁸⁷ Fullnægi rekstrarþættirnir þessu skilyrði, er því unnt að jafna tapið frá einum rekstrarþætti á móti hagnaði af öðrum. Hefur þetta aðallega þýðingu varðandi jöfnun taps og hagnaðar á milli atvinnugreinnanna. Teljist báðar eða allar atvinnugreinar til atvinnureksturs, ber því að gera upp tekjur og gjöld af þeim í einu lagi, en af því leiðir, að sé tap af einni, en hagnaður af annarri, jafnast rekstrarniðurstaðan út.⁸⁸ Teljist ein eða fleiri atvinnugreinar ekki atvinnurekstur, ber hins vegar að gera upp tekjur af henni eða þeim í einu lagi, en af því leiðir, að útgjöldun með þessum hætti er ekki heimil, þar sem tekjur af umræddum greinum teljast einstaklingstekjur.⁸⁹ Í skattframkvæmd er algengast, að reyni á reglur um fjölþætta starfsemi, þegar hliðargreinin, sem maður stundar er frístundarlandbúnaður. Oftast eru aðstæður þá þannig, að maður kaupir jörð fyrir hesta sína, sem notaðir eru til útreiða fyrir hann og fjölskyldu mannsins.⁹⁰ Ekki er stundaður reglubundinn atvinnurekstur á jörðinni, og eru einu tekjurnar, sem hún gefur, því venjulega bústofnauki. Af þeim sökum er oftast tap á rekstri jarðarinnar, og dragi maðurinn það frá hagnaði af atvinnurekstri sínum, getur hann lækkað skatta sína.⁹¹ Væri hægt að bera saman framangreinda umfjöllun við áhrifavalda og háttað þá starfsemi sem hliðarstarfsemi, þar sem í mörgum tilfellum er um að ræða einstaklinga sem stunda það að vera áhrifavaldur í sinni frístund.

⁸⁴ sama heimild 641-642.

⁸⁵ sama heimild 642.

⁸⁶ sama heimild 642.

⁸⁷ sama heimild 642.

⁸⁸ sama heimild 642.

⁸⁹ sama heimild 643.

⁹⁰ sama heimild 643.

⁹¹ sama heimild 643.

9. Hvað getur verið frádráttarbært í atvinnurekstri?

Þegar aðilar eru í sjálfstæðri starfsemi getur verið að þeim sé heimilt að draga frá rekstrargjöld, sbr. 1. mgr. 31. gr. tsl. Í 1. tl. sama ákvæðis er orðið rekstrarkostnaður notað sem heildarhugtak um þá liði sem heimilt er að draga frá tekjum.⁹² Skilyrði þess að rekstrargjöld geta talist til frádráttar lúta að stofnun gjaldanna og sambandi tekna og gjalda. Í fyrrnefnda ákvæði segir að frá tekjum megi draga þau gjöld, sem eiga á árinu að ganga til að afla tekna.⁹³ Með því að taka fram að um sé að ræða gjöld sem eiga við á árinu, er verið að ítreka að uppgjör skattaðila miðast við tólf mánaða tímabil, sbr. 59. gr. tsl.⁹⁴ Það er þó ekki skilyrði að gjöldin hafi haft tekjuáhrif á árinu til þess að hægt sé að nýta sér þau til frádráttar. Ef það kemur síðan upp að gjöldin séu áfallin á árinu, er ekki heimilt að fresta því að gjaldfæra til næsta árs, nema slík frestun sé sérstaklega heimil. Samkvæmt 30. gr. tsl. eru heimildir einstaklinga til þess að draga frá kostnað frá tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofn utan atvinnurekstrar frekar takmarkaðar.⁹⁵ Tekjuskattur af atvinnurekstrartekjum er nefndur nettóskattur og eins og fram hefur komið felur hann í sér að atvinnurekandi getur dregið tekjur frá rekstrarkostnaði. Gjafir eru ekki frádráttarbær rekstrarkostnaður, sbr. 1. tl. 50. gr. tsl. nema þegar um er að ræða tækifærisgjafir í friðu til starfsmanna eða viðskiptavina og verðmæti þeirra er ekki meira en almennt er fyrir slíkar gjafir sbr. 31. gr. tsl.⁹⁶ Það er samsvörun á milli 1. tl. 50. gr. tsl. og 4. tl. A-liðar 7. gr. tsl. þar sem ákveðnar tækifærisgjafir eru frádráttarbærar í atvinnurekstri að auki undanþegnar tekjuskatti hjá gjafabega. Fram kemur í 1. tl. A-liðar 7. gr. tsl og 4. mgr. 3. gr. reglugerðar nr.1300/2021 um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi að ekki sé hægt að draga gjafir starfsmanna til frádráttar nema um sé að ræða tækifærisgjafir. Skilyrði þess er samt að frádráttur komi fram á launamiðum sem á síðan að vera skilað til skattsins, sbr. 5. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar og 1. mgr. 92. gr. tsl.⁹⁷ Þegar tækifærisgjafir voru fyrst lögfestar með skattfrelsi með lögum nr. 6/1935 um tekjuskatt og eignarskatt var ekki gert sérstaklega grein fyrir því í athugasemdum með frumvarpi laganna hvernig tækifærisgjafir yrðu afmarkaðar.⁹⁸

⁹² sama heimild 204.

⁹³ 1. mgr. 1. tl. 31. gr. tsl.

⁹⁴ Ásmundur G. Vilhjálmsson (n.11) 204.

⁹⁵ Sindri M. Stephensen (n.51) 298.

⁹⁶ sama heimild 298.

⁹⁷ Reglugerð nr. 1300/2021.

⁹⁸ Sindri M. Stephensen (n.51) 298.

10. Tækifærisgjafir

Í núverandi lögum um tekjuskatt segir í 4. tl. A-liðar 7. gr. að tækifærisgjafir séu skattfrjálsar, en með því skilyrði að verðmæti þeirra sé ekki meira en almennt gerist um slíkar gjafir. Má því álykta af þessu orðalagi að bera skal líta á það sem almennt gerist þegar slíkar gjafir eru gefnar, en ekki endilega hver fjárhagsleg staða viðkomandi aðila sem gefur gjöfina sé.⁹⁹ Að því sögðu er matið því ekki einstaklingsbundið, allir eru undir sama hatti þegar kemur að því hvað telst vera eðlileg tækifærisgjöf. Tækifærið sjálft getur hins vegar haft áhrif á verðmæti gjafarinnar, t.d. brúðkaupsgjafir hafa almennt meira verðmæti en jólagjafir. Þegar frádráttarheimild um tækifærisgjafir til starfsmanna og viðskiptamanna var lögfest með lögum nr.147/1994 sem núna er að finna í 1. tl. 50. gr. tsl. var að finna í athugasemdum að frumvarpi laganna að tækifærisgjafir í skilningi laganna séu gjafir sem telja má verðlitlar gjafir sem gefnar eru við ákveðið tilefni, t.d. jólagjafir, afmælisgjafir eða starfsafmælisgjafir. Dæmi um slíka tækifærisgjöf, væri hefðbundin bók. Því er vert að hafa það í huga við skýringu á inntaki tækifærisgjafa samkvæmt 4. tl. A-liðar 7. gr. tsl. á grundvelli innri samræmisskýringar.¹⁰⁰ Við skýringu laga um skatt er lögð til grundvallar almenn lögskýringasjónarmið.

Meginreglan sem er að finna í 7. gr. tsl. segir að allar tekjur eru skattskyldar sama hvernig formi þær eru í, er því skattskyldusvið laganna er víðtækt.¹⁰¹ Að því sögðu má álykta af lögskýringarreglum að undantekningar frá þeirri meginreglu skulu vera túlkaðar þröngt. Hvað varðar tækifærisgjafir og skattfrelsi þeirra, er það ekki skýrt rýmra en samkvæmt orðanna hljóðan.¹⁰² Ef það er vafi hvort tiltekin gjöf sé tækifærisgjöf eru því líkur á að matið verði aðila í óhag. Úrskurðir yfirskattanefndar hafa sýnt hvernig þetta er í framkvæmd sbr. úrskurður yfirskattanefndar nr. 359/2005 (koniaksflöskur) þar sem var deilt um gjaldfærðan kostnað sem voru þrjár koniaksflöskur sem voru gefnar viðskiptavinum í áramótgjöf og voru þær að verðmæti 20.450 kr. Yfirskattanefnd taldi að taka bæri frádráttarkröfuna til greina enda hefði ekki verið véfengt að flöskurnar hefðu verið gjafir til viðskiptamanna.¹⁰³ Í úrskurði yfirskattanefndar nr. 341/2002 (peningagjöf sveitarfélags) var það þannig að sveitarfélag ákvað að gefa öllum börnum sem fæddust innan staðmarka 100.000 kr. en taldi ríkisskattstjóri að slík gjöf væri skattskyld skv. 4. tl. A-liðar 7. gr. tsl. og var sú niðurstaða staðfest af yfirskattanefnd. Af framangreindum úrskurði yfirskattanefndar má leiða að við lögskýringu á undanþágu-ákvæðinu er ekki nóg að líta aðeins á tækifærið sem er fyrir hendi heldur einnig stöðu gefanda

⁹⁹ sama heimild 298.

¹⁰⁰ sama heimild 298.

¹⁰¹ sama heimild 299.

¹⁰² sama heimild 299.

¹⁰³ Sindri M. Stephensen (n.51) 300; Úrskurður yfirskattanefndar nr. 359/2005.

gangvart gjafþega í tengslum við tækifærið þ.e. hvort eðlilegt sé að gefandi gefi gjöf í tengslum við viðkomandi tækifæri. Auk þess má álykta af úrskurðinum að litið var til þess hvaða markmið bjó að baki gjafarinnar þar sem tilgangurinn í þessu tilviki var frá byggðar-sjónarmiðum en í raun ekki hefðbundinn gjafatilgangur. Í úrskurði yfirskattaneftndar nr. 9/2001 (sængurgjöf) féllst yfirskattaneftnd á að sængurgjöf til starfmanns að verðmæti 8.800 kr. félli undir frádráttarheimildirnar í 1. tl. 50. gr. tsl.¹⁰⁴

11. Virðisaukaskattskyld starfsemi

11.1. Almenn um virðisaukaskatt

Þegar einstaklingar eru í eigin rekstri getur reksturinn verið virðisaukaskattskyldur og ber þeim þá að skrá sig á virðisaukaskattskrá hjá ríkisskattstjóra. Allar vörur og þjónusta eru skattskyldar, sem eru þ.e.a.s. ekki undanþegnar sérstaklega. Allir þeir rekstraraðilar sem hafa með höndum sölu eða afhendingu á vöru eða skattskyldri þjónustu, þurfa og eiga að innheimta og skila virðisaukaskatti.¹⁰⁵ Hver vara eða þjónusta verður ekki margsköttuð vegna þess að hver skattaðili þ.e. fyrirtæki skilar einungis virðisaukaskatti af verðmætisaukningunni í því fyrirtæki. Þá innheimtir skattaðili virðisaukaskatt af sölu sinni sem kallast útskattur en þegar hann skilar útskattinum þá skilar hann að auki innskatti sem er skattur sem hann hefur greitt öðrum skattaðilum eða tollayfirvöldum við kaup, innflutning eða öðrum kostnaði við rekstur fyrirtækisins.¹⁰⁶ Í reglugerð nr. 515/1996 segir að „þeir aðilar sem eru í sjálfstæðri starfsemi og selur skattskyldar vörur eða þjónustu í atvinnuskyni hefur með höndum virðisaukaskattskylda starfsemi“. Þegar um er að ræða áhrifavalda og hann telst vera í sjálfstæðri starfsemi, ber honum að skrá sig á virðisaukaskattskrá þar sem háttsemi starfseminnar er virðisaukaskattskyld. Með orðalaginu að einstaklingur sé í atvinnustarfsemi er ekki átt við þegar að einstaklingur er að selja gamla hluti á heimilinu, með orðalaginu „í hagnaðarskyni“ er átt við að starfsemin sem um ræðir sé rekin í hagnaðarskyni og í nokkru umfangi. Að því sögðu þurfa tekjur af sölu á skattskyldum vörum eða þjónustu að vera í flestum tilfellum hærri en kostnaður við rekstur starfseminnar.¹⁰⁷ Skilyrði þess að um sé að ræða sjálfstæða starfsemi, er átt við að það sé ekki launþegi, heldur atvinnurekandi. Munurinn á

¹⁰⁴ Sindri M. Stephensen (n.51) 300.

¹⁰⁵ Skatturinn „Leiðbeiningar um virðisaukaskatt“ (Skatturinn, Ríkisskattstjóri, mars 2020) 1 <https://www.skatturinn.is/media/baeklingar/rsk_1119.is.pdf> skoðað 10. apríl 2022.

¹⁰⁶ sama heimild 1.

¹⁰⁷ Skatturinn. „Leiðbeiningar um virðisaukaskatt“ (n.105) 5.

Þessu tvennu er sá að launþegi þarf ekki að innheimta virðisaukaskatt af launum sínum. Skattskyldur aðili sem ber að skrá starfsemi sína á virðisaukaskattskrá skal eigi síður en átta dögum áður en starfsemin hefst, skrá sig hjá ríkisskattstjóra.¹⁰⁸ Verða þeir sem eru í atvinnurekstri að auki að færa bókhald og gera ársreikninga samkvæmt lögum um bókhald. Það er nauðsynlegt til þess að geta fylgst með því að framtal tekna og gjalda þeirra sé rétt.¹⁰⁹

Það er ákveðin skráningarskylda fyrir skattskylda aðila sem felur í sér að skattskyldur aðili skal tilkynna starfsemi sína eða atvinnurekstur til ríkisskattstjóra á ákveðnu eyðublaði, eigi síður en átta dögum áður en rekstur hefst. Síðan er það ríkisskattstjóri sem setur aðila á virðisaukaskattskrá, úthlutar skráningarnúmeri og síðast gefur hann út staðfestingu um að skráning hafi átt sér stað. Ríkisskattstjóri getur þó ekki skráð aðila ef samanlagðar tekjur hans af sölu skattskyldrar vöru og þjónustu er að jafnaði lægri en kostnaður við rekstur sem keypt er með virðisaukaskatti til starfseminnar, auk þess er átt við kaup á varanlegra rekstrarfjármuna.¹¹⁰

11.2. Aðilar með lítinn rekstur

Það eru ákveðnir aðilar sem eru undanþegnir skattskyldu sem fjallað er um hjá ríkisskattstjóra. Að því sögðu geta aðilar sem eru með lítinn rekstur verið undanþegnir virðisaukaskattskyldu. Þá þurfa þeir aðilar að selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir 2.000.000. kr. eða minna á ári frá því að starfsemin hefst.¹¹¹ En um leið og starfsemin er orðin hagnaðarmeiri en 2.000.000 kr. eða meira á ári þurfa þeir aðilar að tilkynna starfsemi sína til ríkisskattstjóra og innheimta og skila virðisaukaskatti. Að þessu sögðu er ekki krafist greiðslu skatts af sölu sem á sér stað fyrir þetta tímamark en aftur á móti getur aðili ekki nýtt sér innskatt virðisaukaskatts á kaupum fyrir reksturinn. Ef aðili skráir sig á virðisaukaskattskrá hjá ríkisskattstjóra þegar hann er undir lágmarksfjárhæð og fær skráningu ber honum að innheimta og skila virðisaukaskatti af sölu sinni. En aftur á móti getur sá aðili þá innheimt innskattsfrádrátt af aðföngum til starfseminnar.¹¹² Ef tekjur áhrifavalda er 2.000.000 kr. eða undir þarf hann ekki að tilkynna sig til ríkisskattstjóra en um leið og tekjur eru orðnar meiri en 2.000.000 kr. þarf hann að tilkynna sig og að því sögðu má áætla að áhrifavaldur sé í virðisaukaskattskyldri starfsemi.

¹⁰⁸ sama heimild 8.

¹⁰⁹ sama heimild 8.

¹¹⁰ sama heimild 10.

¹¹¹ sama heimild 10.

¹¹² Skatturinn. „Leiðbeiningar um virðisaukaskatt“ (n.105) 10.

12. Skattlagning áhrifavalda á Norðurlöndunum

12.1. Danmörk

Að mörgu leyti eru íslensku skattalögin byggð á danskri löggjöf, þ.e. þegar lagt var til nýs frumvarps til laga um tekjuskatt og eignarskatt árið 1921 var það alfarið byggt á dönsku tekju- og eignarskattslögunum.¹¹³ Því er skattlagning einstaklinga í sjálfstæðri starfsemi í Danmörku háttað að mörgu leyti eins og hérlandis. Lögin sem hér verður byggt á eru, lög um tekjuskatt einstaklinga o.fl. nr. 1284.¹¹⁴ Í 1. gr. laganna segir að skattskyldir menn eru þeir sem búa hér á landi og eru þeir skyldugir til þess að greiða tekjuskatt af tekjum sínum, og er sá skattur reiknaður samkvæmt reglum skattalöggjafar, með þeim breytingum sem leiða af þeim lögum.¹¹⁵ Það leiðir síðan af almennum reglum skattalöggjafar hvort tiltekna tekjur séu skattskyldar og hvort að hægt sé að draga frá kostnað, þ.e. hvort kostnaður sé frádráttarbær. Þau útgjöld sem mega koma til frádráttar í rekstrarreikningi eru í flestum tilfellum lægri en kostnaðurinn, þá fer það eftir almennum reglum skattalöggjafar hvort tekjur séu skattskyldar og hvort kostnaður sé frádráttarbær.¹¹⁶

Samkvæmt 2. gr. laganna eru skattskyldar tekjur reiknaðar sem; tekjur einstaklinga, fjármagnstekjur, hlutabréfstekjur og CFC-tekjur. Tekjur einstaklinga teljast allar skattskyldar tekjur sem eru ekki fjármagnstekjur, sbr. 3. gr. laganna. Eru tekjur einstaklinga í sjálfstæðri starfsemi neikvæðar tekjur vegna þess að þær tekjur sem falla ekki undir 4. gr. laganna skulu teljast til fjármagnstekna.¹¹⁷ Dæmi um tekjur einstaklinga eru launatekjur, tekjur af sjálfstætt starfandi atvinnurekstri, þar á meðal almennar tekjur af óvirkum atvinnurekstri, hlunnindi, framfærsla, lífeyrir, að jafnaði hlunnindi sem launþegar fá frá vinnuveitanda sínum, gjafir og tekjur úr happdrætti. Útgreiðslur eru skattskyldar samkvæmt 4. e. gr. samkvæmt lögunum, sem er öfugt við arð, sem eru skattskyldar skv. 16. a. gr. og 16. b. gr., teljast til tekna einstaklinga. Tekjur sem aflað er í tómsund eru skattlagðar sem einstaklingstekjur.¹¹⁸ Kostnaður og gjöld vegna öflunar tekna af tómsundastarfsemi má draga til frádráttar. Þar með fæst frádráttarbært verðmæti vegna útgjalda vegna tómsundaiðkunar sem ekki verður ráðið af ákvæðum laganna.¹¹⁹

¹¹³ Ásmundur G. Vilhjálmsson (n.11) 50.

¹¹⁴ Lovbekendtgørelse nr. 1284 af 14.2.2021 om indkomstskat for personer.

¹¹⁵ sama heimild.

¹¹⁶ Lovbekendtgørelse nr. 1284 af 14.2.2021 om indkomstskat for personer, athugasemdir við 1. gr.

¹¹⁷ sama heimild.

¹¹⁸ sama heimild, athugasemdir við 16. a. gr. og 16. b. gr. 1

¹¹⁹ sama heimild.

Það eru nokkur atriði sem þarf að skoða þegar um er að ræða áhrifavald, þ.e. hvernig skattlagningu er háttáð og hvað gæti verið frádráttarbært. Þá eru spurningar sem vakna og eru þær keimlíkar þeim sem áhrifavaldar á Íslandi þurfa að velta fyrir sér. Sú fyrsta sem kemur til er hvort áhrifavaldur ákveður sjálfur hvaða verkefni hann tekur að sér. Fær hann reglulega greiðslu, líkt og launagreiðslur eða fær hann alltaf greitt eftir að verkinu er lokið? Er hagnaður starfseminnar 50.000 DKK, sem nemur u.þ.b. 1.000.000 íslenskra króna á 12 mánaða tímabili? Ef áhrifavaldur fær vörur eða þjónustu að gjöf þarf að gera grein fyrir þeim á skattframtali þar sem þær eru skattskyldar samkvæmt lögum.¹²⁰ Í langflestum tilfellum, ef starfsemi hagnast yfir 1.000.000 kr. á 12 mánaða tímabili, er hún virðisaukaskattskyld en það eru þó undantekningar frá því. Ef áhrifavaldur selur þjónustu sína og hagnast 1.000.000 kr. yfir 12 mánaða tímabil, gæti sá áhrifavaldur þurft að greiða virðisaukaskatt.¹²¹ En þetta á við hvort sem áhrifavaldur tekur þjónustu, með því að markaðsetja vörur á samfélagsmiðlum, eru tekjurnar alltaf skattskyldar.¹²³ Ef einstaklingur hefur fastar tekjur, þ.e. launþegi en tekur að sér verkefni sem áhrifavaldur og fær greiddar tekjur fyrir því að auki, myndu seinni tekjurnar líklegast vera flokkaðar sem B-tekjur. Þarf einstaklingur þannig að greiða sjálfur skatt og framlag af B-tekjum sínum. Auk þess þarf að gera ráð fyrir þeim tekjum á fyrirfram yfirliti, þá dreifist skatturinn yfir mánaðarlega og þarf aðili ekki að greiða allan B-tekjuskattinn í einu.¹²⁴ Ef áhrifavaldur fær greitt með vörum eða þjónustu ber honum að greiða skatt af markaðsverði vörunnar, alveg eins og héraðis.¹²⁵

12.2. Svíþjóð

Í Svíþjóð eru reglurnar um skattskyldu áhrifavalda að mörgu leyti svipaðar og á öðrum Norðurlöndum. Meginreglan er sú að ef þú færð greitt í vörum, þjónustu eða peningagreiðslum fyrir að markaðsetja vörur eða þjónustu á samfélagsmiðlum, skal það teljast til tekna og er skylt að gera grein fyrir því á skattframtali. Tekjurnar af rekstrinum eru flokkaðar sem launagreiðslur

¹²⁰ „Skat for freelancere, foredragsholdere, influencere og andre“ (Skat.dk).
<<https://skat.dk/skat.aspx?oid=2298211>> skoðað 12. mars 2022.

¹²¹ sama heimild.

¹²² sama heimild.

¹²³ sama heimild.

¹²⁴ sama heimild.

¹²⁵ sama heimild.

eða sem hagnaður af sjálfstæðri starfsemi, þ.e. sem áhugamál en þetta á við ef starfsemin er ekki talin vera atvinnurekstur.¹²⁶

Ef einstaklingur selur þjónustu sína með því að auglýsa vörur á samfélagsmiðlum getur sá aðili talist vera skattaðili sem stundar sjálfstæða starfsemi og þá getur sá aðili þurft að greiða virðisaukaskatt. Þótt einstaklingur stundar sjálfstæða starfsemi getur hann jafnframt ekki þurft að greiða virðisaukaskatt, þá er undanþága í lögnum sem ákvarðar hvaða aðilar geta verið undanþegnir.¹²⁷ Einstaklingum er skylt að tilkynna sig, líkt og héraendis, þ.e. allir sem stunda virðisaukaskattskylda starfsemi er skylt að tilkynna sig til ríkisskattstjóra, það sama gildir í Svíþjóð ef ákvæði laganna um undanþágu eiga ekki við.¹²⁸ Að auki gildir það sama um gjafir og hlunnindi, ef áhrifavaldur fær vöru eða þjónustu að gjöf, er þeim skylt að telja það fram og greiða skatt af markaðsverði vörunnar. Fram hefur komið að helsti munurinn á hvernig skattlagningu er háttað bæði á Íslandi og í Danmörku, er sá að hámarksfjárhæðin, hvað varðar virðisaukaskatt er ekki sú sama. Í Svíþjóð er það þannig að ef aðili í sjálfstæðri starfsemi hagnast meira en 279.000. kr. á 12 mánaða tímabili er starfsemin virðisaukaskattskyld. Mörkin liggja hins vegar ekki við fyrrnefndu hámarksfjárhæð, þegar um er að ræða hvort einstaklingur sé í atvinnurekstri eða stundi starfsemina sem áhugamál.¹²⁹ Áhrifavaldur sem stundar sjálfstæða starfsemi og ekki í hagnaðarskyni eða að mjög takmörkuðu leyti, getur verið skattlagður út frá því að starfsemin teljist vera áhugamál. Að því sögðu þarf sá einstaklingur að gera grein fyrir tekjunum á skattframtali einu sinni á ári. Svo að auki þarf að greiða sjálfsábyrgð fyrir hagnað starfseminnar.¹³⁰ Að greiða sjálfsábyrgð er ákveðið tryggingargjald.

Í Svíþjóð líkt og annarsstaðar eru engar sérstakar skattalegar reglur sem gilda um tekjur manna sem aflað er á samfélagsmiðlum. Það eru almennu reglurnar um tegund tekna og þá hvaða tekjuflokk tiltekin aðili myndi falla undir líkt og gerist héraendis. Það þarf alltaf að fara fram mat hvort einstaklingur skuli teljast vera í atvinnurekstri eða ekki, þá getur verið um að ræða tómstundastarfsemi.¹³¹ Til þess að hægt sé að skilgreina starfsemi sem atvinnurekstur á hún að fara fram af fagmennsku og unnin sjálfstætt. Líkt og héraendis eru þrjú skilyrði fyrir því að um sé að ræða atvinnurekstur og þau eru að starfsemin þarf að vera stunduð reglulega, varanlega að vissu marki og stærsta sjónarmiðið er í þeim tilgangi að skila hagnaði.¹³²

¹²⁶ „Influere (influencer), bloggare och spelare (gamer)“ (Skatteverket.se)

<<https://skatteverket.se/privat/skatter/arbeteochinkomst/inkomster/kopforsaljningochspelpainternet/influereblo ggareochspelare.4.2132aba31199fa6713e800017239.html>> skoðað 14. mars 2022

¹²⁷ sama heimild.

¹²⁸ sama heimild.

¹²⁹ sama heimild.

¹³⁰ sama heimild.

¹³¹ sama heimild.

¹³² sama heimild.

12.3. Noregur

Ef litið er til Noregs, gilda sömu reglur ef um er að ræða einstakling í sjálfstæðri starfsemi en síðan getur starfsemin verið undanþegin. Hámarksfjárhæð til þess að vera undanþegin virðisaukaskattskyldu er 15.000 kr. yfir 12 mánaða tímabil en í einhverjum tilfellum getur það verið 90.000 kr. yfir 12 mánaða tímabil.¹³³ Það er ákveðið mat sem þarf að framkvæma þegar það er vafi hvort einstaklingur sé í atvinnurekstri, eins og t.d. ef einstaklingur hefur launatekjur af annarri vinnu en þá sem um ræðir.¹³⁴ Í reglugerð eru enginn hámarksfjárhæðarmörk hvenær um sé að ræða atvinnurekstur. Í hverju tilviki þarf að liggja fyrir heildstætt mat á því hvort starfsemin uppfyllir almenn skilyrði fyrir atvinnurekstri. Áhrifavaldur telst vera í atvinnurekstri ef hann, framkvæmir starfsemina sjálfur á eigin ábyrgð, ákveður sjálfur hvenær og hvernig verkið er framkvæmt og þegar það er gert í hagnaðarskyni.¹³⁵ Í raun og veru eru kröfurnar ekki strangar hvað varðar tímalengd og umfang starfseminnar og það er þess vegna sem mikilvægasta viðmiðið er hvort að starfsemin sé til þess fallin að skila hagnaði. Hagnaðurinn verður að vera umfram kostnað við rekstur starfseminnar og ætla megir að hann skili hæfilegum hagnaði á móti vinnunni sem lagt er til.¹³⁶ Hvað varðar virðisaukaskatt, getur áhrifavaldur verið í virðisaukaskattskyldri starfsemi. Ef um er að ræða sjálfstæða starfsemi ber áhrifavaldi að skrá sig á virðisaukaskattskrá og fylgja þeim reglum sem settar eru fyrir virðisaukaskattskylda starfsemi, með því fylgir að starfsemin er frádráttarþær og getur áhrifavaldur dregið kostnað við rekstur til frádráttar.¹³⁷ Í sumum tilfellum fá áhrifavaldar gjafir sem þeir hafa ekki beðið um eða bara ekki vitað af og henda þeim, í þeim tilvikum þarf áhrifavaldur ekki að greiða skatt af þeim gjöfum. Til þess að komast hjá því að greiða skatt af slíkum gjöfum þarf sá aðili að skrifa niður hvað hann hefur fengið og hverju var hent, sem kallast innra skírteini.¹³⁸ Áhrifavaldar geta átt rétt á frádrátt skattar og er þó skilyrði að frádráttur sé vegna kostnaðar sem tengist starfseminni, þ.e. tölvubúnaður, netkostnaður, ljósmyndabúnaður o.fl. Hvað varðar frádrátt virðisaukaskatts er aðeins hægt að krefjast frádráttar innskatts ef áhrifavaldur er skráður á virðisaukaskattskrá. Þá er aftur sama skilyrði og með skattinn að frádráttur á aðeins við um kostnað sem tengist starfseminni.¹³⁹

¹³³ „Er jeg næringsdrivende?“ (Skatteetaten.no) <<https://www.skatteetaten.no/bedrift-og-organisasjon/starte-og-drive/er-jeg-naringsdrivende/>> skoðað 15. mars 2022

¹³⁴ sama heimild.

¹³⁵ „Blogging og sosiale medier“ (Skatteetaten.no) <<https://www.skatteetaten.no/bedrift-og-organisasjon/rapportering-og-bransjer/bransjer-med-egne-regler/internett/blogging/>> skoðað 15. mars 2022

¹³⁶ sama heimild.

¹³⁷ sama heimild.

¹³⁸ sama heimild.

¹³⁹ sama heimild.

13. Afleiðingar þess að telja ekki fram tekjur

Það er meginregla skattaréttarins að allar tekjur séu skattskyldar og allar þær undanþágur skulu vera túlkaðar þröngt. Að auki er mönnum frjálst að ráðstafa eignum sínum og með því talið að við túlkun skattalaga skulu þau vera túlkuð með þrengjandi lögskýringu, þ.m.t. að eignarrétturinn er friðhelgur skv. 72. gr. stjkskr.¹⁴⁰ Hefur Hæstiréttur Íslands staðfest þetta í dómaframkvæmd sbr. Hrd. 437/1996 þar sem dómurinn kveður á um að almennt skuli túlka skattalögin þröngt.¹⁴¹ Að auki þarf að túlka undanþágur frá skattskyldu þröngt og byggir það á jafnræðisreglu Stjórnarskrá sbr. 65. gr. stjkskr. Til þess að hægt sé að veita undanþágu frá skattskyldu þarf að uppfylla öll þau skilyrði sem kveðið er á um og kemur að auki fram í dómaframkvæmd Hæstaréttar, sbr. Hrd. 12/1986 þar sem um var að ræða undanþágu skattskyldu og kvað Hæstiréttur að beita skyldi rúmri lögskýringu.¹⁴² Skattskyldar tekjur teljast til með undantekningum og takmörkum, s.s. hvers konar gæði, arði, launum og hagnaði sem skattaðila hlotnast og metin eru til peningaverðs. Ekki skiptir máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru, sbr. 1. mgr. 7. gr. tsl.¹⁴³ Að framangreindri umfjöllun og 1. mgr. 7. gr. tsl. má ætla að allar tekjur eru skattskyldar. En þá vaknar upp spurningin hverjar eru afleiðingar þess að telja ekki fram tekjur sem aðili í sjálfstæðri starfsemi aflar eða þá sem áhrifavaldur.

Sá sem fer með skattaframkvæmd á Íslandi er embætti ríkisskattstjóra en hlutverk embættisins er fremur fjölbreytt. Eitt af þeim hlutverkum ríkisskattstjóra er yfirstjórn yfir staðgreiðslu skatta og tryggingagjalds, álagningu skatta og endurákvörðun skatta. Að því leyti getur ríkisskattstjóri kastað fram bindandi álit í skattamálum vegna m.a. álagningu skatta og gjalda sem eru innan valdsviðs hans.¹⁴⁴ Annað hlutverk embættis ríkisskattstjóra er að fara með skattaeftirlit í öllu landinu. Það sem felst í skatteftirliti er athugun á réttmæti skattskila, bæði fyrir og eftir álagningu eða ákvörðun opinberra gjalda eða skatta. Þannig getur skatteftirlit falið í sér að tryggja það að skattskyldir aðilar standi skil á lögboðnum skýrslum og upplýsingum um skattstofn eða skattskyldu.¹⁴⁵ Þegar það er grunur um skattsvik eða brot á lögum um bókhald eða lögum um ársreikninga, er það skattrannsóknarstjóri ríkisins sem fær þann grun sendan frá ríkisskattstjóra og ákveður hann hvert framhaldið verður. Árlega þarf síðan ríkisskattstjóri að skila skýrslu til ráðherra hvernig skatteftirlitið var framkvæmt og hver

¹⁴⁰ Stjórnarskrá Íslands nr. 33/1944.

¹⁴¹ Dómur Hæstaréttar 9. desember 1996 í máli nr. 437/1996.

¹⁴² Dómur Hæstaréttar 4. júní 1987 í máli nr. 12/1986.

¹⁴³ 1. mgr. 7. gr. laga nr. 90/2003.

¹⁴⁴ Fjármála- og efnahagsráðuneytið, „Stjórnsýsla skattamála. Athugun á stjórnsýslu skattamála með tilliti til réttaröryggis, jafnræðis og skilvirkni“ (Fjármála- og efnahagsráðuneytið, desember 2013) <<https://www.stjornarradid.is/media/fjarmalaraduneyti-media/media/frettir/Stjornsysla-skattamala.pdf>> skoðað 20. mars 2022 18.

¹⁴⁵ Fjármála- og efnahagsráðuneytið (n.144) 19.

árangur þess var.¹⁴⁶ Ef um er að ræða vantalinn skattstofn eða annmarka á framtali, hefur ríkisskattstjóri heimild til þess að beita álagi skv. 108. gr. tsl. Það gerir hann með því að bæta allt að 25% álagi við áætlaða eða vantalda skattstofna, sbr. 2. mgr. 108. gr. tsl. Að auki hefur ríkisskattstjóri heimild til þess að bæta 10% álagi ef launagreiðandi stendur ekki skil á staðgreiðslu skv. 28. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda.¹⁴⁷ Eftir beitingu álags útilokar það þó ekki samkvæmt gildandi lögum að tekin verður ákvörðun eða dæmd sé refsing vegna sömu atvika sem álag var byggt á. Þá eftir atvikum myndi álag eða skattur af álagi vera dregið frá fjárhæð fésektar sem ákvörðuð var sem refsing vegna skattalagabrots.¹⁴⁸

14. Mismunandi „týpur“ af áhrifavöldum

Að vera áhrifavaldur felur í sér einstakling sem auglýsir vörur og þjónustu fyrirtækja á sínum samfélagsmiðlum gegn greiðslu eða öðrum hlunnindum.¹⁴⁹ Það hefur nú lengi tíðkast að þekktir einstaklingar eins og íþróttafólk, leikarar og fyrirsætur hafa verið fengin í það að auglýsa vörur eða þjónustu og mögulegt væri að flokka þá einstaklinga að auki sem áhrifavald. En áhrifavaldur sem starfsvettvangur er hins vegar tiltölulega nýtt. Eins og fram hefur komið er helsta hlutverk áhrifavalds að birta auglýsingar eða einungis vekja athygli fylgjenda sinna á vörum og þjónustu. Áhrifavaldar hafa almennt mikið fylgi á samfélagsmiðlum sínum og telst þess vegna vera góður vettvangur til þess að koma vöru eða þjónustu á framfæri.¹⁵⁰ En til eru mismunandi „týpur“ af áhrifavaldi.

Dæmi 1: Einstaklingur sem starfar sem einkaþjálfari, elskar að hreyfa sig og opinberar það á sínum samfélagsmiðlum. Sá aðili hefur aflað fylgi á samfélagsmiðlum sínum með því að hvetja fólk til þess að stunda líkamsrækt og í kjölfar þess fær verkefni frá fyrirtækjum sem vilja koma vörum og þjónustu á þeim vettvangi á framfæri. Þá er sá aðili að sýna m.a. fæðubótarefni, ræktarfatnað og mat sem honum er gefið til þess að sýna sínum fylgjendum. Um er að ræða einstakling sem er launþegi en fær að auki gjafir og mögulega peningagreiðslur til þess að auglýsa fyrrnefndar vörur og þjónustu. Að framangreindri umfjöllun þarf að fara í gegnum mat ríkisskattstjóra hvort um sé að ræða atvinnurekstur. Ef samkvæmt því mati skyldi sá aðili teljast vera í atvinnurekstri, þyrfti að skilgreina tekjur hans sem B-tekjur og þar með greiða skatt af

¹⁴⁶ sama heimild 19.

¹⁴⁷ 28. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda.

¹⁴⁸ Fjármála- og efnahagsráðuneytið (n.144) 20.

¹⁴⁹ Ágústa Þorbergsdóttir, „Hvað getið þið sagt mér um nýyrðið áhrifavaldur?“ (*Vísindavefur*, 19. janúar 2022)

<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=82983#vv_footnote_note_1> skoðað 5. apríl 2022.

¹⁵⁰ sama heimild.

markaðsvirði varanna og þjónustu. En á sama tíma væri mögulega hægt að álykta að tekjurnar skyldu vera flokkaðar sem tómsundastarfsemi, þar sem hann í raun og veru er að stunda þetta í sinni tómsund, aukalega frá sínum reglulegu launþegatekjum.

Dæmi 2: Einstaklingur sem er ekki launþegi líkt og í fyrra dæminu en með gríðarlega stóran fylgjendahóp og hefur í raun það miklar tekjur af því að vera áhrifavaldur að hægt sé að lifa á þeim. Sá einstaklingur sýnir frá heimilisráðum og eldamennsku á sínum samfélagsmiðlum. Til að byrja með snerist samfélagsmiðlar þessa einstaklings um það að gefa nýbökuðum mæðrum ráð. En í kjölfar vinsælda byrjar aðilinn að auglýsa mun meira en aðeins um hvernig best er að þrifa bletti úr sófa sem dæmi. Þá er um að ræða gjafir frá flestum fyrirtækjum landsins, allt frá hreinlætisvörum, til afnota af bifreið og fatnaðar fyrir alla fjölskylduna mánaðarlega. Í þessu tilfelli ef miðað er við framangreinda umfjöllun, má álykta að þessi aðili myndi standast mat ríkisskattstjóra um að vera í atvinnurekstri. Þá væri um að ræða B-tekjur og þarf sá aðili að skrá sig á virðisaukaskattskrá.

Dæmi 3: Einstaklingur sem er með ágætt fylgi á samfélagsmiðlum sínum og mögulega er vafamál hvort um sé að ræða áhrifavald. Sá einstaklingur stundar nám, er í vinnu en vegna fylgis á samfélagsmiðlum fær þessi aðili vörur og þjónustu að gjöf einstaka sinnum, ekki í miklu umfangi en samt sem áður að minnsta kosti einu sinni í mánuði, með því markmiði að birta þær á sína samfélagsmiðla. Að því sögðu er um að ræða einstakling sem passar ekki alveg inn í mat ríkisskattstjóra hvað varðar mat um hvort um sé að ræða atvinnurekstur. Þá er mögulegt að horfa til 4. t. l. A-liðar 1. mgr. 7. gr. tsl. þar sem tækifærisgjafir eru undanþegnar skattskyldu. Ef um er að ræða eina flík á mánuði eða eitthvað álíka, gæti verið réttlætanlegt að fella háttsemi þessa undir fyrrnefnda ákvæðið. Það er ekki hægt að fella háttsemina undir það að vera í atvinnurekstri þar sem starfsemin er ekki í nógu miklu umfangi og ekki gerð í hagnaðarskyni, er því hægt að álykta að þessi aðili myndi vera undanþegin.

15. Niðurstaða

Áhrifavaldar eins og fram hefur komið í ritgerð þessari eru einstaklingar sem eru í sjálfstæðri starfsemi, hvort sem um er ræðir verktaka eða sé á bak við fyrirtæki. Áhrifavaldar er ný atvinnugrein sem er ekki endilega mikið efni til um og er því mjög matskennt hvenær um sé að ræða að aðili sé kominn í eigin rekstur. Fjallað hefur verið um hver skilyrðin eru til þess að teljast vera í atvinnurekstri og samkvæmt ríkisskattstjóra eru skilyrðin þrjú til þess að um sé að

ræða einstakling í sjálfstæðri starfsemi,¹⁵¹ þ.e. einstaklingur sem stundar sjálfstæða starfsemi með reglubundnum hætti, í þó miklu umfangi og í hagnaðartilgangi.¹⁵² Þessi skilgreining skipti Ásmundur G. Vilhjálmsson upp í þrjú skilyrði sem við þekkjum í dag. Áhrifavaldur getur fallið undir það að vera í atvinnurekstri þegar þessi þrjú skilyrði eru uppfyllt, en í mörgum tilfellum hérlendis er það ekkert endilega svo klippt og skorið. Eins og fram kom í síðasta kafla þessarar ritgerðar var fjallað um mismunandi gerðir og týpur af áhrifavöldum og oft getur það verið vafasamt hvort í raun og veru sé hægt að kalla aðila áhrifavald í þeirri skilgreiningu að vera í atvinnurekstri. Eru reglurnar sem nú standa um áhrifavalda frekar óljósar að mati höfundar, þ.e. hver mörkin í raun og veru eru. Að mati höfundar þyrfti að vera skýrara hvenær einstaklingur telst vera í atvinnurekstri og hvort það séu undanþágur fyrir aðila sem stunda það að vera áhrifavaldur í ekki miklu umfangi eins og einhver annar. Þegar litið var síðan til Norðurlandanna, eru reglurnar ekki ólíkar þeim sem við þekkjum hérlendis, þessi þrjú skilyrði eru það sem ætti að meta hvort einstaklingur sé í atvinnurekstri, en helsti munur landanna fjögurra er sá að hámarkshagnaður fjárhæðar til þess að skrá sig á virðisaukaskattskrá gat verið mismunandi.

Fjallað var um hver munurinn sé á verktaka og launþega en samkvæmt þeirri umfjöllun er helsti munurinn ábyrgðin, þ.e. ábyrgðin hvílir allra mest á vinnuveitenda þegar um er að ræða launþega, þ.e. vinnuveitendaábyrgð o.s.frv. Þegar um er að ræða verktaka hvílir ábyrgðin á verktakanum sjálfum þ.e. hann sjálfur ber ábyrgð á því að sinna verkinu, þeir þurfa að greiða sér laun, þeim ber að skrá sig á launagreiðendaskrá þar sem þeim er skylt að greiða sér laun, skiptir ekki máli hvort þær greiðslur séu í formi peningagreiðslna eða hlunninda sbr. B-liður 7. gr. tsl. Að auki ber einstaklingum sem stunda eigin rekstur að skrá sig á virðisaukaskattskrá ef svo á við, grundvallarreglan er sú að ef starfsemi fer yfir 2.000.000 kr. í hagnaði á ári¹⁵³ er starfsemin orðin virðisaukaskattskyld og ætti þar að auki við um áhrifavalda. Ríkisskattstjóri gefur út hverjir eru undanþegnir virðisaukaskattskyldu ár hvert. Í 3. mgr. 58. gr. a. tsl. er fjallað um að leigutekjur sem nema hærri fjárhæð en 2.000.000 kr. á ári skulu þær teljast til atvinnurekstrartekna, þ.e. ef hagnaður leigutekna sé meiri en 2.000.000 kr. sé þá um að ræða atvinnurekstur. Kemur þá til álita hvort áhrifavaldur gæti byggt á fyrrnefnda lagaákvæðinu ef starfsemin sé ekki yfir 2.000.000 kr. á 12 mánaða tímabili, að ekki sé um að ræða atvinnurekstur, þ.e. að lögjafna áhrifavaldtekjur undir ákvæði þetta.

¹⁵¹ „Nýir í rekstri“ (n.25).

¹⁵² Ásmundur G. Vilhjálmsson (n.11).

¹⁵³ 3. tl. 1. mgr. 4. gr. vskl.

Áhrifavaldar gætu mögulega talist vera gerviverktakar ef áhrifavaldur fær jafnar mánaðargreiðslur og vinnur aðeins fyrir einn verkkaupa. Hvað varðar tekjur þarf að greina þær og er þeim skipt upp í 7. gr. tsl. þ.e. A-tekjur, B-tekjur og C-tekjur. Þegar um er að ræða áhrifavald væri eðlilegast að greina þær tekjur sem B-tekjur þar sem fjallað er um allar tekjur af atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi. Í 1. t. A-liðar 7. gr. tsl. er fjallað um gjafir og hlunnindi en er það ákvæði rúmt orðað en falla gjafir og hlunnindi undir það ákvæði. Grundvallarreglan er sú að allar tekjur eru skattskyldar og skiptir það ekki máli hvort um sé að ræða gjafir eða hlunnindi, allt skal það vera skattskyld. Stundum getur verið flóknara að meta þessi hlunnindi til peningaverðs, en þegar um er að ræða áhrifavalda er alltaf ákveðið markaðsverð og samkvæmt reglum ríkisskattstjóra ber þeim áhrifavöldum að greiða tekjuskatt af markaðsverði vörunnar eða þjónustu. Að auki setur ríkisskattstjóri ár hvert fram mat um reglur um hlunnindi og er sú heimild í 118. gr. tsl. Við matið hvort einstaklingur sé í sjálfstæðri starfsemi kemur til álita hvort um sé að ræða tómsundastarfsemi. Þetta á við þegar sjálfstæð starfsemi er synjað um skráningu á virðisaukaskattskrá. Þá er talið að starfsemi sé of nátengd einkalífi manns og þar með ólíklegt að um sé að ræða atvinnurekstur. Væri því mögulegt að tómsundastarfsemi ætti við starfsemi áhrifavalda, þar sem þeirra starfsemi getur verið nátengd einkalífi þeirra, t.d. þegar áhrifavaldur fær fatnað á börnin sín. Það sem einkennir tómsundastarfsemina er að hún getur ekki verið í miklu umfangi þ.e. í raun og veru ætti ekki að vera hægt að lifa af henni sbr. umfjöllun um tómsundastarfsemi. Afleiðingar þess að greiða ekki skatt geta verið miklar en eins og kemur fram í þeim kafla ritgerðarinnar er það embætti ríkisskattstjóra sem rannsakar þau mál. Má því álykta af framgreindri umfjöllun að í flestum tilfellum er beitt álagi sem ríkisskattstjóri hefur heimild skv. 108. gr. tsl. en það útilokar samt sem áður ekki frekari refsingar eða að ákvörðun verði beitt.

Af framangreindri umfjöllun í heild er ljóst að fyrst og fremst allar tekjur eru skattskyldar sama þótt um sé að ræða gjafir eða hlunnindi, en þegar um er að ræða áhrifavalda getur verið flókið að átta sig á hvar þeir standa og hverjar skyldur þeirra séu. Þá varpar höfundur ritgerðar þeirri spurningu fram, eru skattareglurnar um áhrifavalda nægilega skýrar? Að mati höfundar eru þær það ekki en að vissu leyti eru þær að myndast þar sem um er að ræða tiltölulega nýjan starfsvettvang. Finnst höfundi mega koma með skýrari mörk hvenær áhrifavaldur telst vera í atvinnurekstri og hvort að í einhverjum tilfellum geta tekjur áhrifavalda verið undanþegnar.

Heimildaskrá

Ágústa Þorbergsdóttir, „Hvað getið þið sagt mér um nýyrðið áhrifavaldur?“ (*Vísindavefur*, 19. janúar 2022) <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=82983#vv_footnote_note_1 > skoðað 10. apríl 2022

„Áhrifavaldar“ (Skatturinn) <
<https://www.skatturinn.is/atvinnurekstur/skattskylda/ahrifavaldar>> skoðað 11. febrúar 2022

Ásmundur G. Vilhjálmsson, *Skattur á fyrirtæki* (2. útg. Skattvís 2003)

— — , „Skattur á menn, einstaklingsskattaréttur“ (Frádráttur frá tekjum í atvinnurekstri. Rekstrarkostnaðarhugtakið, 15. október 2018) glæra 3 < <https://docplayer.dk/108992475-Skattur-a-menn-einstaklingsskattarettur.html>> skoðað 17. febrúar 2022

„Blogging og sosiale medier“ (Skatteetaten.no) <<https://www.skatteetaten.no/bedrift-og-organisasjon/rapportering-og-bransjer/bransjer-med-egne-regler/internett/blogging/> > skoðað 2. apríl 2022

„Er jeg næringsdrivende?“ (Skatteetaten.no) <<https://www.skatteetaten.no/bedrift-og-organisasjon/starte-og-drive/er-jeg-naringsdrivende/> > skoðað 20. mars 2022

Fjármála- og efnahagsráðuneytið, „Stjórnsýsla skattamála. Athugun á stjórnsýslu skattamála með tilliti til réttaröryggis, jafnræðis og skilvirkni“ (Fjármála- og efnahagsráðuneytið, desember 2013) < <https://www.stjornarradid.is/media/fjarmalaraduneyti-media/media/frettir/Stjornsysla-skattamala.pdf>> skoðað 2. apríl 2022

„Influere (influencer), bloggare och spelare (gamer)“ (Skatteverket.se) <<https://skatteverket.se/privat/skatter/arbeteochinkomst/inkomster/kopforsaljningochspelpain-ternet/influerebloggareochspelare.4.2132aba31199fa6713e800017239.html>> skoðað 21. mars 2022

„Nýir í rekstri“ (Skatturinn). < <https://www.skatturinn.is/atvinnurekstur/ad-hefja-rekstur/stofna-rekstur/>> skoðað 17. febrúar 2022.

Páll Jóhannesson „Kennsluhefti Tekjuskattur“ (2021)

Sindri M Stephensen, „Markalína eignarnáms og skatta“ (2014) Úlfjótur – Tímarit laganema 605

— — , „Skattlagning gjafa“ (2016) 66 2 Úlfjótur – Tímarit laganema 273

„Skat for freelancere, foredragsholdere, influencere og andre“ (Skat.dk)
<<https://skat.dk/skat.aspx?oid=2298211>> skoðað 20. mars 2022

Skatturinn „Leiðbeiningar um virðisaukaskatt“ (Skatturinn, Ríkisskattstjóri, mars 2020) <
https://www.skatturinn.is/media/baeklingar/rsk_1119.is.pdf> skoðað 10. apríl 2022

„Tekjur og frádráttur“ (Skatturinn) <<https://www.skatturinn.is/einstaklingar/tekjur-og-fradraettir/skattmat>> skoðað 10. mars 2022